


BYGGÐ Í SVEIT

Skýrsla um atvinnumál í sameinuðu sveitarfélagi;
Andakílshrepps,
Hálsahrepps,
Lundarreykjadalshrepps og
Reykholtsdalshrepps
í Borgarfirði.



Febrúar 1999
Atvinnuráðgjöf Vesturlands

Ólafur Sveinsson
Magnús Magnússon

EFNISYFIRLIT

1.0 INNGANGUR.....	2
1.1 UM VINNSLUNA:	2
1.2 NÁNAR UM ÚRTAKSSTÆRD OG SVARHLUTFALL.....	3
2.0 LÝÐFRÆÐI.....	5
2.1 FÓLKSFJÖLDAÐRÓUN Í SVEITARFÉLAGINU.....	6
3.0 NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR.....	6
3.1 ATVINNUGREINASKIPTING OG MEDALTEKJUR ÍBÚA.....	6
3.2 ÞÖRF FYRIR AUKNA ATVINNU	8
3.3 SÓKNARFÆRI.....	10
3.3.1 Ábendingar um atvinnustarfsemi sem vantar.....	11
3.4 SAMANTEKT Á ATVINNUSTARFSEMI SEM ÍBÚAR TELJA GRUNDVÖLL FYRIR.	13
3.5 HVAR VANTAR HELST ÞJÓNUSTU OG NÝ ATVINNUTÆKIFÆRI?	13
4.0 ÞJÓNUSTUKÖNNUN.....	15
4.1 HVERSKONAR ÞJÓNUSTU VANTAR OG HVAR ÆTTI HÚN AÐ VERA STAÐSETT?	15
4.2 SAMANTEKT	17
5.0 AFSTAÐA TIL BÚSETU	17
5.1 KOSTIR:.....	18
5.2 GALLAR:	19
5.3 SAMANTEKT	21
6.0 MENNTUNARMÁL	21
6.1 HVERNIG NÁMSKEIÐ OG AÐRA ENDURMENNTUN MYNDI HEIMILISFÓLK SÆKJA, EF ÞESS VÆRI KOSTUR?	21
6.2 SAMANTEKT Á ÞÖRF FYRIR MENNTUN	22
7.0 STARF SVEITARSTJÓRNAR.....	23
7.1 SAMANTEKT Á BRÝNUSTU VERKEFNUM SVEITARSTJÓRNAR	26
8.0 NOKKUR BÚSETUATRIÐI.....	26
8.1 ÖNNUR ATRIÐI SEM FÓLK VILDI KOMA Á FRAMFÆRI VIÐ SVEITARSTJÓRN EÐA/OG ATVINNUPRÓUNARNEFND.....	27
9.0 SVÓT GREINING	29
10.0 TILLÖGUR OG AÐGERÐAÁÆTLUN	30
11.0 LOKAORD	33
12.0 HEIMILDASKRÁ.....	35

Fylgiskjal 1: Gátlisti vegna aðgerðaáætlunar

1.0 Inngangur

Skýrsla þessi um atvinnumál í sameinuðu sveitarfélagi fjögurra hreppa í Borgarfirði (3510) er unnin að tilstuðlan atvinnuþróunarnefndar sveitarfélagsins með stuðningi sveitarstjórnar. Það var á haustmánuðum 1998 sem atvinnuþróunarnefnd samþykkti tillögu þess efnis að kannað yrði ástand atvinnumála sveitarfélagsins m.a. til að gera markvissara starf nefndarinnar á nýbyrjuðu kjörtímabili.

Leitað var til Atvinnuráðgjafar Vesturlands um aðstoð við verkefnið og í framhaldi af því var gert samkomulag um að Atvinnuráðgjöfin tæki að sér vinnslu verkefnisins.

Markmið verkefnisins eru:

- Að mæla þörf fyrir viðbótaratvinnu fyrir íbúa í sveitarfélagini og að kanna "hvernig" atvinnu væri helst þörf.
- Að mæla þá þætti sem hafa áhrif á atvinnusókn íbúa.
- Að greina innri styrkleika og veikleika sveitarfélagsins með það fyrir augum að nýta tækifæri og lágmarka áhrif ytri ógnana.
- Að leggja fram tillögur í þáttum sem varða atvinnumál sveitarfélagsins.
- Að kanna viðhorf til þjónustu innan sveitarfélagsins.

Könnun var send inn á öll heimili í sveitarfélagini 28. desember 1998 þar sem lagðar voru fyrir íbúa um hálf hundrað spurninga um ýmsa þætti er viðkoma atvinnu- og þjónustumálum í byggðarlaginu. Meðfylgandi voru frímerkt umslög fyrir svarseðla og óskað eftir svörum fyrir 15. janúar 1999. Sá frestur var framlengdur um eina viku með auglýsingu og áminningu sveitarstjóra þar sem svörun var einungis um 20% þegar lokafrestur var útrunninn. Síðstu svarseðlar bárust síðan 25. janúar og var þá hafist handa við úrvinnslu og skýrsluskrif en þeirri vinnu lauk um miðjan febrúar.

1.1 Um vinnsluna:

Framkvæmdatími	Desember 1998 til febrúar 1999.
Gagnaöflun	Skrifleg könnun, bæði opnar og lokaðar spurningar.
Þýði	Öll heimili í sameinuðu sveitarfélagi í Borgarfirði (ca. 200 heimili). Þýðið mynda öll heimili þar sem einhverjur hafa fasta búsetu og hafa heilsu og kunnáttu til að svara spurningunum.
Úrtaksstærð	U.p.b. 200 heimili á svæðinu (100% úrtak)
Val á úrtaki	Skv. uppl. frá Íslandspósti hf. Öll pósthólf á svæðinu.

Um heimtur á könnuninni:

Heildarfjöldi svarenda	65 svarseðlar
Neita að svara eða/og geta ekki svarað	135 heimili
Heildarfjöldi í úrtaki	Ca. 200 heimili
Nettósvörun	32,5%

Markmið skoðanakannanna er að reyna að draga ályktanir um viðhorf eða skoðanir þýðis út frá ákveðnu úrtaki eða hluta þýðis.

Í könnunum almennt er miðað við 95% vissu. Það þýðir að með 95% vissu er hægt að segja að niðurstöðan sem fæst liggi á ákveðnu öryggisbili fyrir allt þýðið. Hér á eftir er tafla sem sýnir öryggisbil miðað við ólikar svarforsendur. Ef t.d. 5% þeirra sem svara gefa eitthvað ákeðið svar þýðir það að örggisbilið sé 1,6-8,4%. Hlutfallslega minnkar bilið eftir því sem svarhlutfallið stækkar, eins og sjá má á þessari töflu:

Ef niðurstöðan er:	5%	er öryggisbilið miðað við 95% vissu	1,6-8,4%
Ef niðurstöðan er:	10%	er öryggisbilið miðað við 95% vissu	5,4-14,6%
Ef niðurstöðan er:	15%	er öryggisbilið miðað við 95% vissu	9,4-20,6%
Ef niðurstöðan er:	25%	er öryggisbilið miðað við 95% vissu	18,3-31,7%
Ef niðurstöðan er:	50%	er öryggisbilið miðað við 95% vissu	42,2-57,8%
Ef niðurstöðan er:	75%	er öryggisbilið miðað við 95% vissu	68,2-81,8%
Ef niðurstöðan er:	90%	er öryggisbilið miðað við 95% vissu	85,4-94,6%

Þannig er ekki með algjörri vissu hægt að segja að marktækur munur sé t.d. á niðurstöðu upp á 10% og upp á 15%, þar sem öryggisbil þeirra skarast.

Þessar upplýsingar eru hér fram settar til að ítreka mikilvægi þess að taka ber niðurstöður allra skoðanakannanna með fyrirvara. Svarhlutfall þessarar könnunar er um þriðjungur af heildarþýði. Slíkt verður að teljast fremur lítil svörun en hins vegar er óhætt að túlka svör viðmælenda sem vísbendingar um tiltekið ástand, þörf og viðhorf gagnvart ólíkum málum.


1.2 Nánar um úrtaksstærð og svarhlutfall.

Könnun var send inn á öll heimili í sameinuðu sveitarfélagi í Borgarfirði -3510-, þann 28. desember 1998. Móttöku svara lauk í lok janúar 1999. Eitt spurningablað tilheyrði hverju heimili og voru spurningar miðaðar við að hægt væri að svara þeim óháð því hve margir búa á heimilinum. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandspósti eru um 220 pósthlóf (heimili) í sveitarfélaginu. Ef frá eru dregin þau heimili þar sem ekki er um fasta búsetu að ræða, er gert ráð fyrir að heimili í sveitarfélaginu séu um 200 talsins.

Svör bárust frá 65 heimilum. Þar af eru 2 svör sem úrskurðuð voru ógild, þar sem víst er að svörin hafi verið samin af aðilum langt undir lögaldri. Einn seðill kom auður.

Virkт svarhlutfall í könnuninni miðað við fjölda heimila var því 32,5%.

Hrepparnir í sameinuðu sveitarfélagi voru misjafnlega fjölmennir




þegar sameining átti sér stað s.l. vor. Fjölmennast var í Andakílshreppi eða 280 íbúar, því næst í Reykholtsdalshreppi þar sem bjuggu 221 íbúar, í Lundarreykjadal voru 96 og í Hálsahreppi 89. Í könnuninni var fólk beðið um að merkja við í hvaða fyrrum sveitarfélagi það væri staðsett. Svörin benda til að viðundandi þversnið af íbúum svæðisins hafi svarað könnuninni m.t.t. búsetudreifingar. Miðað við þennan íbúafjölda er svörun minnst í könnuninni úr Reykholtsdalshreppi, eða 28% og mest úr Hálsahreppi og Andakílshreppi, eða um 33%.

Hjá þeim sem sendu inn svarseðla var meðalfjöldi heimilisfólks mestur í Lundarreykjadal eða 4,0 í heimili, 3,44 í Reykholtsdalshreppi, 3,37 í Andakílshreppi og 2,9 í Hálsahreppi.

Tekið skal fram að önnur svör eru ekki flokkuð eftir búsetu eða fyrrum hreppum sameinaðs sveitarfélags. Til þess var úrtakshópurinn úr hverju sveitarfélagi fyrir sig ekki nægjanlega stór.

Einnig skal það tekið fram að í þeim opnu spurningum þar sem svörum þátttakenda var beint að ákveðnum persónum var slíkt ekki sett inn í skýrsluna, heldur viðkomandi skilaboðum komið til réttra aðila. Í nokkrum tilfellum var um að ræða ádrepur sem skaðað geta einstaklinga og störf þeirra en slíkar upplýsingar eiga ekki heima í skýrslu sem þessari heldur skulu þær meðhöndlaðar á öðrum vettvangi.


Meðalfjöldi heimilisfólks flokkað eftir fyrrum hreppum



2.0 LÝÐFRÆÐI.


Af þeim 212 Borgfirðingum sem sendu inn svör var aldursskipting þeirra eins og sjá má hér að neðan. Flestir eru á aldrinum 31-67 ára eða 43,4%. Athygli vekur að einungis 13,7% svarenda er á aldrinum 17-30 ára en það verður að teljast lágt hlutfall og vísbending um að fólkfsfækkun verði áfram í sveitarféluginu, verði ekki veigamiklar breytingar í atvinnu- og búsetumálum svæðisins.

Til samanburðar er rétt að líta á opinberar tölur um aldursskiptingu í sveitarféluginu.



Samkvæmt skráningu Hagstofu Íslands á aldursskiptingu íbúa sveitarfélagsins (sjá mynd hér að neðan), sést að fjöldi íbúa á aldrinum 20-40 ára er undir landsmeðaltali. Flestir árgangar barna og unglinga eru þó yfir landsmeðaltali ef frá eru taldir yngstu árgangarnir 0-4 ára og 10-14 ára drengir. Þetta bendir til þess að þegar séu farin að koma í ljós áhrif þess að fólk á barneignaaldri er færra en landsmeðaltal sýnir. Talsverð hætta er á að þessi þróun haldi áfram upp aldurstréð næstu árin. Slikt gefur vísbendingu um áframhaldandi fækkun í sveitarféluginu breytist aðstæður ekki talsvert í ytri sem innri þáttum.

Aldursskipting í "Borgarfirði" 1. janúar 1998




Heimild: Byggðabrunnur Byggðastofnunar.

2.1 Fólksfjöldaþróun í sveitarfélagini

Í dag eru skráðir íbúar sameinaðs sveitarfélags í Borgarfirði 680 talsins. Íbúum svæðisins hefur fækkað jafnt og þétt undanfarin 20 ár eins og sjá má á myndinni hér að neðan. Almennt hefur verið rætt um að ef fækkun íbúa sveitarfélags er yfir 10% á 10 ára tímabili er um ákveðin hættumerki að ræða og flokkast þá byggðin undir jaðarsvæði, skv. skilgreiningu Byggðastofnunar. Fækkun í sameinuðu sveitarfélagi í Borgarfirði milli áranna 1988 og 1998 var um 9,5%. Því má segja að sveitarfélagið sé á mörkum þess að geta kallast jaðarsvæði skv. áður nefndri skilgreiningu.

Fólksfjöldaþróun: Ár:	1972	1977	1982	1987	1992	1997
Fólksfjöldi	794	803	786	758	723	686
%breyting	0%	1,13%	-2,12%	-3,56%	-4,62%	-5,12%




3.0 Niðurstöður könnunar

Í þessum kafla verður greint frá nokkrum atriðum sem horft er til þegar atvinnuþættir sveitarfélaga eru skoðaðir. Þar má nefna atvinnuvegaskiptingu, ársverk og fleira.

3.1 Atvinnugreinaskipting og meðaltekjur íbúa.

Í könnuninni voru þátttakendur beðnir að svara í hvaða atvinnugreinum þeir störfuðu í dag. Fram kom að 85% þeirra vinna við landbúnað og þjónustugreinar. Greinar eins og iðnaður, verslun og byggingarstarfsemi eru lítt



stundaðar. Borgarfjörður er hefðbundið landbúnaðarsvæði og því ætti ekki að koma á óvart að tæplega 42% íbúa starfa við greinina. Þó er hlutfall landbúnaðar á undanhaldi. Síðustu tölur Hagstofu Íslands um ársverk eftir atvinnuvegum eru frá árinu 1996.

Þar er hlutur landbúnaðar 38,3% og þjónustu 37,5%. Hlutar þjónustu hefur síðustu árin verið að aukast á meðan að dregið hefur úr hluti landbúnaðar. Slíkt er í takt við almenna þróun landbúnaðar á Íslandi og hefur héraðið ekki farið varhluta af skerðingum á því sviði.


Til samanburðar við svör í könnuninni er hér birt ársverkaskipting 1995 skv.

upplýsingum frá Hagstofu Íslands.


Athugið að þar sem í stað meðaltekna er stjarna, er fjöldi

starfsmanna í viðkomandi atvinnugrein of lágur til að birta megi tölurnar.

Ársverkaskipting í sveitarfélagini árið 1996,
skv. Hagstofu Íslands



Duga tekjur heimilisins til viðunandi framfærslu
að mati heimilisfólks? (Hlutfall)



Ársverk eftir atvinnuvegum 1995


Atvinnuvegur	Ársverk	Hlutf, skipting ársverka	Meðal- tekjur í þús	% Frávik frá lands- meðaltali
1 Landbúnaður	140	40,4	753	1
2 Fiskveiðar	2	0,6 *	*	*
3 Fiskvinnsla	1	0,2 *	*	*
4 Iðnaður	18	5,2	1.663	-5
5 Byggingar	19	5,3	1.274	-14
6 Verslun	24	7,1	1.119	-25
7 Samgöngur	14	3,9	1.291	-28
8 Bankar og fleira	4	1,1	1.472	-20
9 Þjónusta	125	36,1	1.456	-10
Samtals	346	100	1.149	-32
Samtals án landbúnaðar	206		1.418	

Eins og sjá má á töflunni hér a undan eru meðaltekjur allra atvinnugreina undir landsmeðaltali í sveitarféluginu ef landbúnaður er undanskilinn, en þar eru tekjurnar rétt ofan við landsmeðaltal. Meðaltekjur bænda eru almennt á landinu langt undir meðaltekjum annarra stéttu. Því hefur sú staðreynd mikið að segja að landbúnaður er stórt hlutfall atvinnu svæðisins. Í könnuninni var fólk beðið að svara spurningunni:

"Duga tekjur heimilisins til viðunandi framfærslu að mati heimilisfólks?".


Rúmlega helmingur aðspurðra svaraði spurningunni játandi, en 33% neitandi. Séu þessar upplýsingar bornar saman við tölur um meðaltekjur eftir atvinnugreinaflokkum má sjá að upplýsingar

þessar eiga við rök að styðjast. Svæðið má því flokkast sem láglauasvæði. Það hversu stórt hlutfall íbúa stundar landbúnað er vafalítið stór hluti af skýringunni.



3.2 Þörf fyrir aukna atvinnu

Samkvæmt upplýsingum frá Svæðisvinnumiðlun Vesturlands kemur fram að í sveitarféluginu "Borgarfirði" er skráð atvinnuleysi um 1,5% þegar könnunin fór fram. Það hlutfall er í fullu samræmi við það besta sem gerist í þeim efnum á landsvísu. Hins vegar kemur fram í könnuninni að þegar spurt var um hvort allt heimilisfolk hefði fulla vinnu, að á tæplega 30% heimila eru einstaklingar sem vantar viðbótaratvinnu, þó misjafnlega mikla. Á nokkrum heimilum eru fleiri en einn sem eru í þessari stöðu. Flestir sem þáttóku í könnuninni nefna að óskað er hlutastarfs. Að meðaltali óskar fólk 46% viðbótarhlutastarfs. Einungis tveir einstaklingar óskuðu hinsvegar fulls starfs og er það í samræmi við skráningu Svæðisvinnumiðlunar eins og getið var um hér að framan. Samkvæmt þessum upplýsingum er talsvert um svokallað "dulið" atvinnuleysi. Af 121 einstaklingum á vinnufærum aldri voru 26 einstaklingar sem óskuðu viðbótaratvinnu ef hún byðist. Framboð atvinnu sem hentar íbúum svæðisins er samkvæmt þessu takmarkað eða/og að framtakssemi



einstaklinga er ekki nægjanlega mikil til að "bera sig eftir björginni". Þó má ekki gleyma því að margir af þeim sem eru án fullrar atvinnu allt árið eru í árstíðabundnum störfum svo sem við landbúnað og þjónustustörf við skólana og dagheimilin á svæðinu sem starfrækt eru 9 mánuði á ári.


Í þessu samhengi var fólk spurt hversu langan veg það væri tilbúið að aka til að sækja vinnu (aðra leiðina), ef hún biðist. Af þeim 35 sem svöruðu spurningunni voru flestir tilbúnir að sækja vinnu allt að 20 kílómetra leið frá heimili sínu. Fáir eru tilbúnir að aka lengri leið en 30 kílómetra í þeim tilgangi. Viðhorf fólkis til þessarar spurningar markast án efa af þeirri staðreynd að vegir eru slæmir í sveitarfélagini og fólk er því ekki tilbúið að aka langa leið til að sækja hlutastarf, eins og flestir óska samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Landfræðilega er sveitarfélagið stórt miðað við íbúafjölða. Vegalengdir innan þess eru því nokkuð miklar og fæstir stofnvegir eru með bundnu slítlagi.

Því næst voru þeir sem vildu fá viðbótaratvinnu beðnir að nefna þær atvinnugreinar sem þeir vildu eða treystu sér til að starfa við.


Flestir nefna þjónustugreinar og næstflestir iðnað og verslun, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Þrátt fyrir að stórt hlutfall vinnuferra einstaklinga vinni við landbúnað í dag eru eingöngu um 10% sem óska starfa við greinina og verður slikt að teljast athyglisvert.

Á öðrum stað í könnuninni var spurt skyldrar spurningar, þ.e. hvaða atvinnugreinar fólk teldi að helst þyrfti nú að efla í sveitarfélagini. Ef svörin við þeirri spurningu eru borin saman við þá síðustu má sjá samhengi í svörum þátttakenda. Í röð

Óskir fólks um atvinnugreinar sem það kýs að starfa við, væri nægt framboð (hlutfall):




Spurt var hvaða atvinnugreinaflokka fólk teldi mestu þörf að efla, eða byggja upp nýja í sveitarfélagini?
(Samantekt úr stigagjöf reiknað sem hlutfall)



eru það atvinnugreinarnar: Þjónusta, iðnaður og landbúnaður sem svarendur telja að helst beri að efla í sveitarféluginu.


Spurt var næst um fyrir hverja væri mest þörf fyrir atvinnu. Flestir nefndu atvinnutækifæri fyrir konur og sker það sig nokkuð úr öðrum svörum. Aðrir nefna í þessari röð; sumarvinnu fyrir framhaldsskólanemendur, sumarvinnu fyrir grunnskólanemendur og atvinnutækifæri fyrir karla. Undir liðnum "annað" nefndi fólk að viðbótarvinnu vantaði fyrir bændur, viðeigandi störf vantaði fyrir langskólagengið fólk auk starfa sem laðaði að nýja íbúa. Einnig var nefnt að störf vantaði á svæðinu fyrir fólk með skerta starfsorku og fyrir fullorðið fólk. Ef helstu niðurstöður þessarar spurningar eru dregnar saman þá vantar í sveitarfélagið fyrst og fremst atvinnutækifæri fyrir konur og skólafólk á sumrin.



3.3 Sóknarfæri

Spurt var beint þeirrar spurningar hvort fólk teldi að efla þyrfti atvinnulíf í Borgarfirði.

Niðurstöður voru mjög á einn veg. Eins og sjá má á myndinni svoruðu yfir 95% þeirra sem afstöðu tóku að ýmist þyrfti "örugglega" eða "sennilega" að efla atvinnu á svæðinu. Enginn þátttakanda taldi að slíkt þyrfti ekki.



Í framhaldi af þessu var spurt hvort fólk sæi fyrir sér álitleg sóknarfæri í atvinnuuppbryggingu í sveitarféluginu. 66% töldu sig sjá þau og einungis 4% töldu svæðið hafa litla


eða enga möguleika til uppbryggingar.

Um 20% tóku ekki afstöðu og 8% svöruðu ekki spurningunni.

Páttakendur í könnuninni voru nú spurdir í opinni spurningu hvort þeir gætu nefnt einhverja ákveðna

atvinnustarfsemi

sem vantar eða/og getur nýtt auðlindir sem finnast innan sveitarfélagsins. Mikil svörun fékkst við þessari spurningu og koma svörin hér á eftir. Athygli skal vakin á því að nokkur eðlismunur er á svörunum eftir því úr hvaða fyrrum hreppum sveitarfélagsins fólk er. Fyrst koma svör Andkílinga og því næst í röð frá Lunddælingum, Hálssveitungum og loks Reykdælingum:



3.3.1 Ábendingar um atvinnustarfsemi sem vantar

Spurt var: Getur þú nefnt einhverja ákveðna atvinnustarfsemi sem vantar og/eða getur nýtt auðlindir sem finnast innan sveitarfélagsins, t.d. húsnæði, þekkingu, orku, landssvæði og svo frv.?

1. Verslun, ferðamannaþjónusta, smáiðnaður
2. Ferðaþjónusta
3. Heilsuræktun grænmetis í gróðurhúsum.
4. Efla skólastarf á svæðinu – auka námsframboð á sumrin og nýta aðstöðuna í skólum.
5. Járnfyrirtæki – smærri iðnaður sem þarf land, trésmiðjur, tæknifyrtæki, matvælafyrirtæki.
6. Uppbygging ferðaþjónustu.
7. Efla háskólastarfsemi í byggðarlaginu og atvinnu fyrir langskólagengið fólk.
8. Notkun jarðhita í ýmsa starfsemi, t.d. ýmis konar iðnað.
9. Nýta orku.
10. Hátækniðnað- starfsemi.
11. Vantar búð á Hvanneyri.
12. Mannauður felst í menntuðu fólk í mörgum sviðum húmanískra fræða sem mætti nýta betur og skapa umhverfi fyrir þetta fólk sem hefur þekkingu í listum, tungumálum, leiklist, sagnfræði. Einnig vantar meiri úrvinnslu landbúnaðarafurða í héraðinu.
13. Efla ferðaþjónustu með góðri skipulagningu og fleiri afþreyingarmöguleika. Nýta söguna, fjölbreytileika náttúrunnar og koma á fót einhvers konar safni/sýningaraðstöðu. Styrkja stoðirnar undir Búvélasafnið, Snorristofu svo að ráða megi þangað folk og auka atvinnutækifærin í kringum eða í tengslum við

- þessa staði. Leggja áherslu á að símaþjónusta/nettengingar í héraðinu verði betri þannig að fleiri atvinnutækifæri –sköpun verði auðveldari. EFLA EIGIÐ FRUMKVÆÐI.
14. Það vantar tilfinnanlega verslun sem og ferðaþjónustu, sér í lagi fyrir sumarbústaðafólk (afpreyingu).
 15. Auka notkunarmöguleika á jarðhita til iðnaðar, t.d. fiskvinnslu.
 16. Meiri þjónusta við ferðafólk.
 17. Nýta heita vatnið, t.d. í Reykholti.
 18. Ferðamennska, tæknisetur og fleira.
 19. Ónýttir möguleikar í ferðaþjónustu og í iðnaði með nýtingu á heitu vatni.
 20. Kornrækt; þurrkun á korni með jarðhita.
 21. Fyrst þarf að koma vegur sem er keyrandi á um sveitarfélagið og í öðru lagi þarf að efla símakerfi svo að möguleikar fyrir tölvuvinnslu verði á heimilum svo sem fyrir fjarkennslu og vinnu tengda tölvu og leggja þriggja fasa rafmagn um allt sveitarfélagið.
 22. Við eigum mikla vatnsorku sem við eigum að virkja og óhemju hverahita og stórt fjall sem kallað er Prestahnjúkur sem er allur úr perlusteini en hann má mylja og þurrka við hverahita og bræða síðan við hátt hitastig og vinna úr því mjög fjölbreytta iðnaðarvöru. Einnig má hita hann á þurrkara og þenja 35 falt og nota í einangrun og veggjaplotur og fleira.
 23. Efla þarf landbúnað og ferðaþjónustu sem fyrir er. Einnig mætti byggja upp starfsemi tengda tölvum eins og er að hefjast á Hvanneyri (Andakill.is), forritun og fjarvinnslu ýmisskonar. Þetta eru störf sem eru betur launuð og skaffa atvinnu fyrir menntað fólk.
 24. Heitt vatn á svæðinu getur gefið mikla möguleika t.d. heilsuræktarstöð eða iðnaður tengdri slíkri orkulind.
 25. Nýta jarðhitann betur á ýmsan hátt. T.d. til heilsubótar og húshitunar. Afpreyingu fyrir ferðamenn og ekki síst sumarhúsafólk. T.d. hestafærðir og hestasýningar (koma upp reiðvelli á Húsafelli), kerruakstur með fólk. Sýna gömul vinnubrögð. Bjóða börnum að komast í kynni við húsdýrin okkar. Ýmiss smáiðnaður. Minjagripagerð er ónuminn akur hér um slóðir. Atvinna mun vonandi eflast við fræðasetrið Snorristofu og ef til vill það sem koma mun í Gamla skólahúsið og verður að standa vel utanum þá starfsemi, því það er óplægður akur sem erfitt er að sjá fyrir hvað upp úr honum sprettur. Það gæti orðið gjöfull akur ef vel tekst til.
 26. Það má nefna landbúnað annan en ferðaþjónustu. Skilyrði eru mjög góð og einnig ferðaþjónusta því hér er margt að sjá.
 27. Smáiðnaður, heimilisiðnaður.
 28. Ferðaþjónusta og ýmis störf sem sinna má með aðstoð tölvu (hönnun, arkitektúr, bókhald og fleira). Víða þarf að bæta símaleiðslur.
 29. Frekari nýting jarðhita, t.d. við þurrkun á fiski, tómötum, timbri og fleiru. Smáiðnaður, handverksskóli. Sérstakir ferðahópar sem vinni að uppbyggingu sérhæfðrar ferðamennsku, heilsuhópar, námskeiðshópar og fv.
 30. Heilsárs heilsu- og orkustöð við Kleppjárnsreyki.
 31. Mikilvægt er að efla ferðaþjónustu í Reykholti og nýta Snorragarðinn sem tjaldsvæði. Athuga með nýtingu á Perlusteini.
 32. Úrvinnsla grænmetis, nota heita vatnið. Reka tamningastöðvar sem m.a. selja hrossin sem til eru. Bókhaldsþjónustu vantar.
 33. Nýta jarðhita t.d. til aukinnar gróðurhúsaræktunar, til uppbyggingar sumarhúsabyggðar og til ómengaðs iðnaðar.

34. Iðnað þarf að efla og nýta m.a. næga ódýra orku í Reykholti. Byggja upp ferðaþjónustu við Deildartunguhver og við Hraunfossa.
35. Skógrækt. Meiri norsk- íslenska menningar- og fræðslustarfsemi í Reykholt (kostuð af Norðmönnum).
36. Ferðaþjónusta t.d. við hestamenn. Endurmenntunarstofnun í Reykholt.
37. Niðursuða ylræktar og garðræktarafurða með nýtingu jarðarmaorku. Aukning ferðamannaþjónustu; golfvöllur, fólkvangur t.d. í Reykholti (fleiri staðir hugsanlegir). Yfirbygging sundlaugar á Kleppjárnsreykjum. Víðtækari framhalds- og endurmenntun á Hvanneyri.
38. Skógrækt.
39. Orku. Nýtingu jarðhita til iðnaðar og fleira.
40. Iðnað má bæta t.d. í húsnæði hreppsins í Reykholti. Vannýtt orka er í Reykholtsdal. Virkja Kljáfoss í samráði við Skagamenn. Miklir möguleikar felast í fjarvinnslu um Internet. Ferðaþjónustu má styrkja t.d. við Deildartunguhver, Surtshelli, Hraunfossa og víðar.
41. Mannauð mætti vafalaust nýta betur. Að líkindum vantar bæði til þess frumkvæði og menntun.

3.4 Samantekt á atvinnustarfsemi sem íbúar telja grundvöll fyrir.

(Athugið að hér eru einungis talin þau atriði sem oftast voru nefnd).

Verslun á neðra svæðið	Aukin ferðaþjónusta	Bankaþjónusta
Orkufrekur (smá)iðnaður	Nýta mannaúð	Tölvustörf/fjarvinnsla
Tæknisetur	Aukin (heilsuvöru) ylrækt	Heilsu/orkustöð
Efla heimilisiðnað	Nýting perlusteins	Þjónusta við hestafólk

3.5 Hvar vantar helst þjónustu og ný atvinnutækifæri?

Nú voru þáttakendur beðnir að nefna ákveðin svæði, byggðakjarna eða staði í sveitarfélagit sem þurfa öðrum fremur á aukinni atvinnuuppbryggingu að halda:

1. Hvanneyri, Reykholt, Húsafell.
2. Kleppjárnsreykir, vegna þess hve miðsvæðis þeir eru og vegna þess hve starfsemi þar hefur átt undir högg að sækja.
3. Reykholt og Kleppjárnsreykir: Uppbygging ofan til í sveitarfélagit fyrir atvinnutækifæri efri byggðar. Á Hvanneyri ætti að byggja upp atvinnutækifæri neðri byggðar.
4. Hvanneyri og Reykholt.
5. Reykholt (Reykholtsdalur) vegna missis Héraðsskólans. Þar ætti að þrífast iðnaður vegna þess hve miðsvæðis Reykholt er í héraði. Þar er einnig ódýr orka.
6. Bæjarsveit. Atvinnutækifærum þar hefur fækkað fyrir heimafólk. Þar væri t.d. hægt að nýta jarðhita.
7. Á Hvanneyri vantar algjörlega verslun, bensínsölu og bankaþjónustu. Þar væri líka gott að fá iðnfyrirtæki.
8. Á Hvanneyri vantar dagmömmur.
9. Á Hvanneyri vegna þess að allt bendir til að fólk fylgi þar auk þess sem algengara er að fjölskyldufólk sækji þangað nám við Bændaskólann og oft vantar maka nemenda vinnu á staðnum.
10. Í öllum byggðakjörnum.
11. Hvanneyri til að bæta upp einhliða störf við Bændaskólann og tengdar stofnanir.


12. Reykholt og Bæjarsveit.
13. Efla ferðaþjónustu að sumrinu. Húsafell, Kleppjárnsreykir, Reykholt, Hvanneyri.
Félagslega er betra að þjappa atvinnutækifærum meira saman.
14. Það þarf að styrkja sveitirnar. Þar er mikið um einbúa og jarðir sem eru á leiðinni í eyði.
15. Umfram allt Borgarnes því það er sterkasti kjarninn. Sterkari uppbygging og meiri möguleikar til uppbyggingar vegna stöðeininga sem eru fyrir hendi í Borgarnesi.
16. Eðlilegt að byggja upp í kringum Reykholt og Hvanneyri.
17. Kleppjárnsreykir: Minnkandi garðyrkja, verslun farin, illa nýtt íþróttaaðstaða.
18. Vantar störf sem hægt er að stunda sem hlutastörf sem víðast um sveitarfélagið.
19. Það má segja að ekki vanti atvinnu því fólk ið er ýmist dautt eða burtflutt. En héraðið býður uppá mikla möguleika ef þorað er að nýta þá. Staðir sem nefna má eru Reykholt, Deildartunguhver, Kleppjárnsreykir, Húsafell, Brautartunga. Að þessum stöðum mætti flytja fólk í þúsundatali.
20. Hvanneyri, Bær, Reykholt, Húsafell, Kleppjárnsreykir. Á þessum stöðum er helst að vænta nýrra starfa. Skóla á Hvanneyri og Kleppjárnsreykjum. Ylrækt á Kleppjárnsr. Iðnað að byggja upp í Bæ. Verslanir og ferðaþjónusta í Reykholt og Húsafell.
21. Í Reykholti mætti nýta betur þann mikla fjölda ferðamanna sem þar kemur.
22. Reykholt, bæði vegna staðsetningarinnar og missis skólans.
23. Reykholt því skólahald veitti mikla vinnu.
24. Reykholt sem hefur misst mikið þegar skólinn var lagður niður. Tækifæri fyrir ferðaþjónustuna eru mjög mikil.
25. Reykholt vegna sögu og staðsetningar. Þar ætti að koma miðstöð stjórnsýslu framtíðarinnar. Auka mætti þar miðun þjóðmenningar til ferðamanna.
26. Reykholtsdalur. Fortíðarvandamál og fyrir vikið ríkir almenn deyfð og dumbungur.
27. Efla byggðakjarna um mitt sveitarfélagið.
28. Reykholt, vegna þess að skólinn var lagður niður.
29. Kleppjárnsreykjahverfið sem er mest miðsvæðis. Þar ætti öll þjónusta sveitarfélagsins að vera svo og önnur starfsemi sem miðar að því að þjóna íbúum sveitarfélagsins.
30. Reykholtssvæðið.
31. Reykholtsdalur. Eitthvað verður að koma í stað Reykholtsskóla.
32. Atvinnustarfsemi á og við Hvanneyri virðist vera í nokkuð sæmilegu lagi (alltaf má þó bæta). Æskilegt að atvinnuuppbygging verði ofar í sveitarféluginu, t.d. í Reykholti.
33. Þjónustu við ferðamenn við Deildartunguhver.
34. Reykholt, fólk þar hefur fækkað mikið og einnig störfum.
35. Reykholtssvæðið. Vegna almenns samdráttar. Á Kleppjárnsreykjum mætti auka garðyrkju og miklir möguleikar felast í lífrænni ræktun á heitum svæðum líkt og ræktun fólksins í Deildartungu. Hestamenn gætu unnið meira saman í markaðssetningu hestasölu og hestaferða. Þeir virðast vera ósamlyndur hópur sem gæti í sameiningu náð miklu betri árangri.
36. Eg er mótfallinn meiri kjarnamyndun, vil viðhalda dreifbýli. Tel koma til greina að hluta sundur ónýttar jarðir og stofna til "smábýla" eða "stórlóða" fyrir þá sem vilja rækta í kringum sig til gamans eða leika sér með hross. Landgóðar eða lífvænlegar jarðir á ekki að taka til þessa. Þjónustu á að setja meðfram stofnbrautinni Hvanneyri - Húsafell, mest um miðbikið. Efla þarf Bændaskólann á Hvanneyri og nota tækifæri sem honum tengjast. Tengja þarf landbúnaðarsafn við

skólann. Flytja Rala á Hvanneyri. Efla rannsóknir og standa við skólann með ráðum og dáð.

4.0 Þjónustukönnun.

Þátttakendur í könnuninni voru beðnir að svara því hvort þeir teldu einhverja þjónustu vanta í sveitarfélagið.

Niðurstaðan er nokkuð afgerandi á þann hátt að fólk telur svo vera, eða 64,5% þeirra sem svöruðu. Einungis 6,5% svöruðu spurningunni neitandi. Í beinu framhaldi af þessum svörum voru þeir sem töldu þjónustu vanta beðnir að nefna hvað vantaði.



4.1 Hverskonar þjónustu vantar og hvar ætti hún að vera staðsett?

1. Það vantar matvöruverslun og pósthús (banka) á Hvanneyri.
2. Þjónusta við ferðamenn
3. Dagvistun barna milli Grímsstaða og Hvanneyrar.
4. Verslun.
5. Pósthús og bensínstöð fyrir neðri byggðir, Andakíl og Lundarreykjadal.
6. Bókasafn, sameinað og öflugt.
7. Menningarmiðstöð þar sem saman færi bókasafn, tónleikaaðstaða og sýningarsalur.
8. Endurreisin heilsugæslunnar á svæðinu.
9. Það vantar þjónustu við aldraða.
10. Betri samgöngur milli Hvanneyrar og Reykholt.
11. Vantar hjálp fyrir aldraða sem heima búa. Einnig fyrir bændur sem lasnast og þurfa skyndilega hjálp.
12. Bankastarfsemi. Hitaveitu vantar sums staðar.
13. Á Hvanneyri þyrfti verslun, bensínsolu, bankajónustu og iðnfyrirtæki.
14. Búð á Hvanneyri og dagmømmur.
15. Betri nýtingu kirkju og meira starf safnaðar og prests. Betra bókasafn. Kennsla barna í listum og dansi. Kvikmyndahús. Kaffihús með alvöru kaffi. Vantar verslun með lífrænar vörur.
16. Verslun á Hvanneyri.
17. Það vantar "sjoppu" þar sem hægt er að fá olíu og bensín, t.d. við Götuás hjá Hesti.
18. Það vantar ferðajónustu og verslun.

19. Það vantar bensínstöð og verslun í anda Baulunnar. Betri inni- og úti íþróttaaðstöðu.
20. Verslun á Hvanneyri.
21. Hraðbanka opinn allan sólarhringinn á Hvanneyri og í Reykholt. Sorphirðu um allt sveitarfélagið. Fleiri leikskólapláss og betri vegi.
22. Góða verslun og banka í Reykholt eða Hvanneyri. Afþreyingu vantar fyrir ferðamenn hvar sem er.
23. Sorphirða: Heimilissorp verði sótt heim, vantar gáma fyrir rúllubaggaplast og staði til að losa járnarosl á.
24. Íþrótt- og félagsstarf fyrir börn og unglings.
25. Verslun
26. Vantar heimilishjálp.
27. Olíu- og bensínsölustöðum hefur fækkað um meira en helming á síðustu árum og mætti það gjarnan færast í betra horf.
28. Verslun og þjónusta við aldraða.
29. Það vantar ekki mikla þjónustu fyrir þær hræður sem eftir eru, en þó vil ég nefna menntasetur í Reykholti sem ég tel að ætti að leggja mikið kapp á að koma upp.
30. Hraðbanka vantar í Reykholt, betri símalínur, betri vegi, fleiri póstferðir og virkari áætlanabíla.
31. Heilsugæslu t.d. á Kleppjárnsreykjum í svipaðri mynd og var.
32. Læknispjónustu. Læknar heilsugæslunnar komi minnst einu sinni í viku í Reykholt. Hafa einnig aðstöðu fyrir nuddara og sjúkraþjálfara til að spara fólk ferðir og tíma. Sú aðstaða gæti þá nýst þeim nuddurum og þjálfurum sem hér vildu starfa.
33. Bættar samgöngur. Verslun á Götuás.
34. Læknir þyrfti að vera á Kleppjárnsreykjum.
35. Framhaldsskóla til stúdentsprófs í Reykholt.
36. Það vantar betri vegajónustu, snjómokstur og fl. Betri læknispjónustu. Verslun og bensínsölu.
37. Sjónvarp með breiðbandstengingu. Bókasafn opið alla daga í Reykholti. Flokkun á sorpi fyrir endurvinnslu. Umhverfi stjórnsýslu (við Bitann) verði gert meira aðlaðandi og það merkt betur. Merkingar eru almennt ónógar (til vansa).
38. Betri verslunarkjarna t.d. á Kleppjárnsreykjum -lengri opnun, betri búð. Læknispjónustu þarf að bæta.
39. Betri póstþjónustu. Póst alla virka daga. Ódýrari matarbúð. Slæmt að Sæmundarrúta er hætt að koma á kvöldin. Búð Bitans þyrfti að vera meira opin um helgar og starfsfólkid að brosa meira.
40. Öflugra æskulýðsstarf. Bætt þjónusta við aldraða. Byggja t.d. upp þjónustuþúðakjarna fyrir fullorðna bændur og aðra sem vilja þjónustu sjúkraþjálfara, góðan heimilismat og ýmislegt fleira. Þetta fólk á ekki að rífa upp með rótum og koma því fyrir í Borgarnesi. Með þessu er hægt að auka atvinnu við þjónustu í sveitarféluginu.
41. Þjónusta varðandi viðgerðir hefur verið reynd í Reykholti. Viðkomandi hafa ekki nennt að sinna því á sumrin þegar mest er að gera!
42. Aukin verslun í Húsafelli og skyndibitastað í Reykholtsdal. Sorphirðu í uppsveitum Borgarfjarðar.
43. T.d. breiðara vörkuval í verslun í uppsveitum. Bitinn er góður, svo langt sem vörkuval og húsrúm leyfa.
44. Læknispjónustu.
45. Þjónusta við eldri borgara, t.d. hafa viðveru miðsvæðis í sveitarféluginu.

46. Þjónustu fyrir ómaga sveitarinnar auk læknis- og hjúkrunaraðstöðu.
47. Banka í Reykholt og eða á Hvanneyri. Ferðapjónustu má auka verulega. Verslun er skammarlega umfangslítill og léleg á svæðinu.
48. Halda í þá læknispjónustu sem verið hefur. Verslun, póstþjónusta og bílaviðgerðir í góðu lagi.


4.2 Samantekt

Hér fer á eftir samantekt á svörum þátttakenda úr síðustu tveimur opnu spurningunum. Talin eru þau svæði/byggðakjarnar sem oftast eru nefndir og tilgreind sú þjónusta og atvinnustarfsemi sem menn telja að eigi heima á hverjum stað fyrir sig og vantar í dag. Hér eru nefndir fjórir þéttbýliskjarnar, en eins og lesa mátti hér að framan, eru nefndir fleiri staðir í svörum þátttakenda, en mun sjaldnar en eftirfarandi fjórir:

Reykholt	Kleppjárnsreykir	Hvanneyri	Bæjarsveit
Ferðapjónusta	Ylrækt	Dagmæður vantar	Iðnaður
Sögutengd starfsemi	Heilsurækt/orkustöð	Verslun/bensinsala	Vannyttr iðnaðarhúsn.
Iðnaður	Nýting íþróttaaðstöðu	Efling skólastarfs	Öldrunarþjónusta
Hverskonar orkunýting	Öldrunarþjónusta	Bánkajónusta	Samræming sorphirðu
Menningarmiðstöð	Samræming sorphirðu	Menningarmiðstöð	
Öldrunarþjónusta	Heilsugæslu	Öldrunarþjónusta	
Samræming sorphirðu	Skyndibitastað	Íþróttaaðstöðu vantar	
Hraðbanka		Samræming sorphirðu	
Miðstöð stjórnsýslu		Iðnað til auk. fjölbreyt.	

5.0 Afstaða til búsetu

Þátttakendur í könnuninni voru nú beðnir að taka afstöðu til búsetu í sveitarfélaginu. Almennt má segja að niðurstaða þessi sé jákvæð fyrir sveitarfélagið, þrátt fyrir að íbúar telji ýmislegt aðfinnsluvvert. 74% íbúa telja ýmist gott eða mjög gott að búa í sveitarfélaginu. Tæplega 10% telja það hins vegar slæmt eða mjög slæmt að búa þar. Í framhaldi af þessari spurningu var fólk beðið að nefna kosti þess og galla að búa í sveitarfélaginu.



5.1 KOSTIR:

1. Umhverfi í víðum skilningi, uppeldi barna og batnandi samgöngur.
2. Menningar- og félagsstarfsemi. Fjölbreytt náttúrufar og hæfileg fjarlægð frá höfuðborginni.
3. Fallegt umhverfi, þ.e. náttúra. Hollt fyrir uppeldi barna. Stutt í þjónustu utan sveitarfélags.
4. Uppeldi barna. Nærvera annarra þéttbýliskjarna. Góð heilbrigðisþjónusta.
5. Uppeldi barna. Hófleg fjarlægð frá Reykjavík (mætti vera meiri). Veðurfar er gott.
6. Stutt í þjónustu, stutt til Reykjavíkur. Uppeldi barna.
7. Umhverfi að frádregnum vegum. Uppeldi barna.
8. Það er gott að búa í sveitasælu stutt frá þéttbýlinu.
9. Er í dreifbýli. Fjarlægð frá Reykjavík.
10. Erum nær skyldmennum. Uppeldi barna.
11. Nálaðgð náttúrunnar. Góður skóli, gott fyrir börn. Kyrrð.
12. Sjaldan ofviðri. Náttúrufegurð. Uppeldisvænt samfélag og umhverfi.
13. Veðurfar. Fallegt umhverfi. Gott fólk og félagslíf.
14. Fagurt umhverfi. Hæfileg fjarlægð frá höfuðborginni og kaupstöðum. Öflugt félagslíf.
15. Uppeldi barna. Passlega langt frá Reykjavík.
16. Góð aðstaða til uppeldis barna.
17. Rólegt. Hæfilega langt frá Reykjavík. Var gott að ala upp börn, frjálst.
18. Uppeldi barna auk friðsældar og fegurðar.
19. Lítið samfélag
20. Rólegheit sveitarinnar. Skammt að fara til Reykjavíkur, ef vill. Milt veðurfar á vetrum.
21. Uppeldi barna, gott samfélag, stutt til Reykjavíkur.
22. Uppeldi barna, staðsetning og skemmtilegt fólk.
23. Stærð sveitarfélagsins og nálaðgð við stór sveitarfélög. Gott að ala upp börn.
24. Mannlíf, uppeldi barna og veðurfar.
25. Stutt til Reykjavíkur, gjöful sveit og fallegt umhverfi.
26. Veðurfar og stutt í alla aðdrætti.
27. Frjálsara umhverfi.
28. Umhverfið, veðurfar og mannvænt samfélag.
29. Mannlíf og almennur friður (þó svæðabundið)
30. Hinir miklu framtíðarmöguleikar, gott veðurfar og utan stórkjálftasvæða.
Kjarn Gott fólk á svæðinu þegar orkan verður nýtt til framfara.
31. Hæfileg fjarlægð frá þéttbýli. Góð skilyrði til barnauppeldis. Gott félagslíf.
32. Góð staðsetning, náttúrufegurð og gróðursæld. Ýmis skilyrði góð. Góður skóli.
33. Veðragott, Fagurt og gott umhverfi, góðir grunn- og leikskólar og gott er að ala upp börn.
34. Uppeldi barna.
35. Umhverfisþættir og uppeldi barna.
36. Mildur vetur, góðar veiðilendur og gott að ala upp börn.
37. Stutt til Reykjavíkur.
38. Uppeldi barna, Verslun og póstur með góða þjónustu (Reykholt), jákvætt viðmót fólks.
39. Vel í sveit sett, uppeldi barna og ódýr húshitun.
40. Uppeldi til 16 ára aldurs. Frjálst hreint umhverfi umfram borg. Virk þátttaka í félagsstarfi.
41. Lítið um sprengjutilræði í skólum!

42. Veður, stutt til Reykjavíkur. Gott að ala upp börn. Góð dagvistun.
43. Gott og fagurt umhverfi. Gott veður. Miklir ónýttir möguleikar.
44. Uppeldi barna, gott félagslíf og góður skóli.
45. Veðrið gott, rólegt fyrir börn og fallegt umhverfi.
46. Náttúrufegurð.
47. Kyrrð, veðurfar og mannlíf (miðað við Reykjavík)
48. Uppeldi barna. Lítill mengun og hreint loft og vatn.
49. Snjólétt
50. Veðurfar gott. Umhverfi lítið spillt. Góður grunnskóli. Frelsi strjálbýlisins.
51. Gott veðurfar (að jafnaði)
52. Uppeldi barna, gott landbúnaðarsvæði. Mjög gott pósthús í Reykholti og þjónusta mjög góð.
53. Gríðarleg veðursæld og fallegt umhverfi sem við eיגum að njóta í sameiningu (án allra illdeilna).
54. Góður skóli, fagurt umhverfi og yfirleitt gott mannlíf.

5.2 GALLAR:

1. Vegasamgöngur
2. Fjarskipti, símaþjónusta
3. Stopular póstferðir.
4. Skortur á allri almennri þjónustu. T.d. er langt í alla framhaldsskóla. Hvar eru verslanir og bensínstöðvar?
5. Sveitarfélagið hefur engan þjónustukjarna. Trúlega eina sinnar tegundar í öllu landinu að þessu leiti eftir sameiningar.
6. Skortur á drift og metnaði yfirvalda
7. Draslaragangur, víða skortur á góðri umhirðu.
8. Áhætta að eiga eigið íbúðarhúsnæði.
9. Framhaldsmenntun unga fólksins.
10. Samgöngur.
11. Lág laun, lélegir grunnskólar (ófullnægjandi) og ömurleg íþróttahús einnig ófullnægjandi.
12. Lélegir vegir.
13. Árekstrar milli íbúa þéttbýliskjarna og sveita.
14. Vegamál. Lítill fjölbreytni atvinnulífs. Litlir möguleikar að stunda áhugamál sín.
15. Vegakerfið er hörmung.
16. Veður og ömurlegir vegir.
17. Lélegt bókasafn. Lítið val á félagslegu framboði.
18. Samgöngur í uppsveitum. Lítill samskipti/samneyti við fólk annars staðar í héraðinu. GSM símasamband lélegt + nettengimöguleikar.
19. Vantar betri þjónustu. Vegasamgöngur háðar einstaklingshyggju!
20. Vegaleysi.
21. Takmarkað framboð á vörum og þjónustu. Hamlandi að geta ekki alltaf farið suður. Dýr upphitunarkostnaður.
22. Veður
23. Ónóg atvinna. Vegasamgöngur. Þjónustuleysi svo sem í afþreyingu fyrir unga fólkioð.
24. Afleitar vegasamgöngur, einhæft atvinnulíf og þörf á hæfari kennurum í Kleppjárnsreykjaskóla.
25. Lítið íþróttta- og félagsstarf fyrir börn og unglingsa.

26. Raforkuverð of hátt fyrir atvinnurekendur.
27. Slæmir vegir.
28. Afskipt með símasamband í Lundarreykjadal.
29. Veður, uppeldi barna og fjarlægð í alla aðdrætti.
30. Slæmar samgöngur og vegir. Langt í félagslega þjónustu. Strjálbýli og einangrun.
31. Slæmt vegakerfi, slæmt ástand vega og slæmar samgöngur!
32. Samgöngur, einhæft atvinnulíf og tæknileg vandamál (t.d. sími, einfasa rafmagn).
33. Pólitískt afskiptaleysi. Dalirnir í sólarleysi í skammdeginu. Harðbýlt í norðandölum í norðanátt.
34. Óstöðug atvinna. Ósamstaða meðal íbúa vegna vegamála. Lítill pólitískur stuðningur.
35. Ekki nægir atvinnumöguleikar.
36. Hátt raforkuverð til húshitunar. Lélegir vegir. Léleg afkoma í landbúnaði.
37. Slæmar samgöngur til skóla. Fjarskipti.
38. Engir sérstakir ókostir.
39. Lítið um atvinnutækifæri, lélegar vegasamgöngur og ekki nógu góður grunnskóli.
40. Hnignun hefðbundins búskapar. Léleg atvinnutækifæri fyrir heimafólk.
Utanaðkomandi snillingum er borgað hátt kaup fremur en að ráða heimafólk og borga mannsæmandi laun.
41. Slítandi deilumál. Fólksfækkun og svartsýni í atvinnumálum. Veður.
42. Sundurlyndi, lítt metnaður í grunnskóla og samfélagslegur vanþroski.
43. Láglauunasvæði, einhæf atvinna. Fólksfæð, snúa þarf fækkun við. Skemmdur móraall.
44. Endalausar vegadeilur. Nafnleysið veldur ruglingi. Ýtarlegri fundargerðir hreppsnefndar vantar.
45. Lélegur grunnskóli. Lélegt vegakerfi.
46. Ósamstæði íbúa. Svartsýni.
47. Vantar örugga þokkalega launavinnu. Vondir vegir.
48. Leikskólinn lokaður á sumrin. Ekkert tækifæri á aukavinnu.
49. Ósamlyndi íbúa. Vegadeilur óþolandí og þarf að leysa hið fyrsta.
50. Langt í ódýrari verslun með matvörur. Yfircangur sumra sauðfjárbænda, þ.e.a.s. lausaganga búfjár.
51. Neikvætt andrúmsloft -beinlínis fjandsamlegt.
52. Stjórn Kleppjárnsreykjaskóla. Engar íþróttir fyrir börn.
53. Langt í suma þjónustu. Framhaldsmenntun farin úr heraði.
54. Ósamlyndi íbúa. Vegamál slæm. Vantar sendi á Skáneyjarbungu fyrir Stöð 2 og fl.
55. Ósamstaða íbúa. Vantar stórlega atvinnutækifæri. Vegir slæmir.
56. Tímabundin vanliðan vegna deilna. Sinnuleysi um mennt og menningu hjá of mörgum íbúanna. En að sama skapi óhóflegt álag á þá sem halda uppi merkjunum. Samtakaleysi og þrekleyksi við að sinna menningarmálum og um leið íhaldsseimi á það sem einu sinni var en forsendur eru fallnar fyrir, dæmi hreppaskiptingin gamla, safnamálin o.fl. Tækifærin látin ónotuð.

5.3 Samantekt


Samantekt kosta og galla samkvæmt framansögðu. Hér eru nefnd þau atriði sem oftast eru tilgreind í svörum þátttakenda:

KOSTIR	GALLAR
Uppeldi barna	Vegasamgöngur
Umhverfisþættir og náttúra almennt	Fjarskipti, símaþjónusta
Hæfileg fjarlægð frá Reykjavík	Vantar framhaldsskóla
Friðsæld sveitalífsins	Vantar verslun/bensinstöðvar
Góður grunnskóli og dagvistun barna	Ósamkomulag (deilur) íbúa
Hæfilega lítið samfélag og nálægð við þjónustu (Borgarnes)	Vantar fjölbreyttara atvinnulif
Gjöful sveit	Vantar meiri þjónustu við aldraða
Gott þósthús í Reykholti	Láglauhnasvæði
Snjólett og gott veðurfar	Litið íþróttar- og æskulýðsstarf
Víða ódýr húshitun	Raforkuverð hátt og vantart viða 3 ja fasa rafmagn
	Slæm staða í landbúnaði
	Svartsýni hluta íbúa
	Grunnskóli ekki nógú góður

6.0 Menntunarmál

Nú er það viðurkennd staðreynnd að menntunar- og þekkingaröflun er forsenda framfara í atvinnulífinu. Af þeim sökum var fólk spurt í könnuninni hvort þörf væri á viðbótarþekkingu til að bæta skilyrði varðandi afkomu og atvinnu almennt. Tæplega 60% aðspurðra töldu að þörf væri á viðbótarþekkingu, rúmlega 11% töldu svo ekki vera og aðrir tóku ekki afstöðu til spurningarinnar.

Loks var spurt í opinni spurningur hvaða þekkingar væri þörf:



6.1 Hvernig námskeið og aðra endurmenntun myndi heimilisfólk sækja, ef þess væri kostur?

1. Tölvur og járniðnað.
2. Námskeið í rekstri smáfyrirtækja og námskeið í bókhalds- og skattamálum.
3. Námskeið sem tengjast fjarvinnslu og tölvumálum.
4. Námskeið á sviði viðskipta og tölvufræðslu.
5. Menntaskóla í Reykholt svo ekki þurfi að senda ungingana burt. Endurmenntun fjölbreyttari.

6. Bóklegt nám í formi öldungadeilda í framhaldsskólum. Tölvunám.
7. Færum frekar í skóla en á námskeið.
8. Námskeið í rekstri smáfyrirtækja.
9. Tölvunámskeið og námskeið fyrir iðnaðarmenn svo sem járnsmiði.
10. Tölvunámskeið. Handverk ýmiskonar.
11. Það vantar ýmis námskeið, t.d. í þjónustu og á tölvur.
12. Eitthvað um tölvur og samskipti.
13. Hluti heimilisfólks óskar eftir háskólanámi. Hluti heimilisfólks myndi sækja endurmenntun í styttri kantinum, e.t.v. stunda fjarnám.
14. Tölvunám, iðnnám og ferðaþjónusta.
15. Tölvunámskeið t.d. fyrir fjarvinnslu og skóla og einnig heimilisiðnað eða annað sem hægt væri að vinna inni á heimilinu.
16. Í tölvutækni og samskiptum í gegnum tölvur og Internetið.
17. Mest væri sótt í námskeið sem tengjast atvinnunni og annað þess háttar. Einig eitthvað handverk eða eitthvað sem nýtist bæði til gagns og gamans.
18. Einkum vantar námskeið fyrir eldra fólk við atvinnuþætti sem það gæti áorkað með skerta starfsorku svo sem við föndurvinnu og tölvunotkun.
19. Í stórum dráttum má segja að íbúar sveitarfélagsins hafi öll tækifæri til að nálgast menntun. Það þarf bara að kynna betur kostina.
20. Tölvufræði. Ritvinnsla. Vinna við myndforrit og notkun Internetsins.
21. Tónmennt í leikskólum. Föndur í leikskólum. Framsögn ýmis námskeið varðandi leikskólastarf. Námskeið í lifrænni ræktun.
22. Tölvufræðsla
23. Með framhaldsskóla yrði því fullnægt.
24. Smáiðnaður.
25. Fyrst og fremst ýmis námskeið sem hægt yrði að taka í gegnum tölvur, t.d. námskeið um stjórnun, fjármálastjórnun, grafiska hönnun, tölvunarfræði og svo framvegis.
26. Almennt nám. Fólk þarf að hafa aðgang að því. Tölvunám. Ýmisskonar þjónustunámskeið og tungumál. Bókhald.
27. Tölvunámskeið og tungumálanámskeið.
28. Vantar námskeið í nútíma búskaparháttum. Lyfta hugsunarhætti fólks upp á 20. öldina. Nýta tækni og framfarir.
29. Námskeið sem miða að því að auka hæfni í starfi og gæfi rétt til hærri launa.
30. Tölvunámskeið, bókhaldsnámskeið og fleira.
31. Ýmis tölvunámskeið.
32. Nám til aukinna kennsluréttinda.
33. Námskeið varðandi landbúnað og ýmiskonar handmennt.
34. Tölvunámskeið.
35. Hef sótt námskeið á Hvanneyri og tel þau góð.
36. Almenn kennsla í tölvum og tölvunotkun. (t.d. Internetnámskeið, byrjendanámskeið, bókhaldsnámskeið, gagnavinnslu og fleira).

6.2 Samantekt á þörf fyrir menntun

Tölvunám og samskipti	Bókhaldsbekking	Járníðnaður
Handverksmenntun	Tungumálanám	Kennsluréttindanám
Endurmenntun í landbúnaði	Námskeið fyrir fullorðna	Rekstur fyrirtækja

7.0 Starf sveitarstjórnar

Vegna þess hve stutt er síðan ný sveitarstjórn var kjörin var spurt í könnuninni um hvað fólk teldi brýnustu verkefni nýkjörinnar sveitarstjórna næstu þrjú til fjögur árin:

1. Koma samgöngumálum í almennilegt horf. Styðja grunnskólana til góðra verka. Styðja iðnaðaruppbýggingu. Vera hvetjandi. Veita þingmönnum kjördæmisins aðhald.
2. Vegamál og ferðamál.
3. Fjölda dagvistunarstofnunum fyrir börn. Stuðla að bættum vegasamgöngum, betri fjarskiptum, þéttari póstferðum og þéttari almenningssamgöngum. Bæta þjónustu við sorphirðu. Stuðla að almennri uppbyggingu iðnaðar og ferðaþjónustu í sveitarféluginu. Styrkja þann landbúnað sem fyrir er í sveitarféluginu.
4. Meiri sameining við önnur sveitarfélög svo úr verði byggðakjarni sem getur staðið undir þjónustu á svæðinu.
5. Betri skóla, bæði grunnskóla og leikskóla á svæðinu.
6. Bæta vegakerfið á svæðinu.
7. Að minnka áhættu íbúanna af að eiga eigið íbúðarhúsnæði, styrkja framhaldsmenntun unga fólksins og bæta samgöngur.
8. Aukin atvinnutækifæri. Stuðla að betri skólastjórun. Stuðla að betri aðstöðu við skóla og fá jafnframt framhaldsskóla á svæðið. T.d. vantart íþróttamannvirki við skólana. Reisa vændishús (nei bara grín!). Lækka fasteignagjöld. Alls ekki taka hlunnindi af starfsfólki hreppanna.
9. Að ýta undir aukna samvinnu íbúa milli hinna gömlu sveitarfélaga sem nú hafa sameinast.
10. Auka fjölbreytni atvinnulífs.
11. Að koma vegamálum í gott lag. Það er óþolandri að eyðileggja bílana á þessum ónýtu vegum sem eru oft lítið annað en drullupyttir. Þess vegna er akstur skólabarna að Kleppjárnsreykjum í óviðunandi ástandi. Bílarnir eru of lengi á leiðinni. Mitt barn fer klukkan 8 en skóli byrjar klukkan 9. Þetta er um 17 km leið.
12. Það þarf að jafna betur kostnað við Tónlistarskólann. Sumir þurfa að keyra í Borgarnes meðan aðrir fá kennslu í skólum á staðnum.
13. Útvega: Verslun á Hvanneyri og dagmömmur. Láta gera almennilega veki í uppsveitunum.
14. Húsnæðismál í þéttbýliskjörnum. Leikskólamál. Sorphirða því ótækt er að taka bara sorp hálfsmánaðarlega.
15. Fjármagna betra bókasafn, grunnskóla og meira framboð á námi þar. Skipulag umhverfismála. Skipulögð uppbygging ferðaþjónustu bænda. Skipuleggja umhverfisvæna lifnaðar- og framleiðsluhætti.
16. Vegamál.
17. Stuðla að því að samgöngur batni. Sveitarstjórn getur þrýst á það.
18. Bættir vegir og atvinnumál.
19. Vegabætur. Æskulýðsmálin, t.d. koma á fót sumarbúðum t.d. á Kleppjárnsreykjum/Logalandi fyrir yngri kynslóðina. Reka á eftir betri fjarskiptatækni. Stofna upplýsingamiðstöð t.d. á Hvanneyri þar sem kynntir eru afþreyingarmöguleikar héraðsins og það sem áhugaverðast er að skoða. Stuðla að hreinsunarátaki. Gera áætlun um varðveislu og viðhald menningarminja eða aðstoða fólk við það og kortleggja og skrá inn í aðgengilegan grunn (netið).
20. Bæta skilyrði fyrir fólk með áhuga á að stofna lítil og meðalstór fyrirtæki. Tryggja betri samgöngur.

21. Efla atvinnutækifæri. Koma vegamálum í rétt horf. Endurbæta símakerfi svo stunda megi fjarnám alls staðar í sveitarféluginu. Stoppa umhverfisslys vegna ofbeitar hrossa í högum og á afréttum.
22. Ýta undir fleiri atvinnutækifæri til að lokka að fólk. Ráða vel menntaða kennara við grunnskólana. Ýta undir samstöðu fólksins innan nýja hreppsins með sameiningu félaga, aðstöðu vegna íþróttar og fleiri atriðum sem gæti bætt samstöðu. Styrkja íþróttastarf. Lækka menntunarkostnað.
23. Að efla atvinnulíf og samgöngur, þ.e. vegakerfið.
24. Það þarf að koma skipulagsmálum í rétt horf. Skólamál og Samgöngumál.
25. Laða að ný fyrirtæki og þjónustuaðila á svæðið. Gæta þess að aðgangur sé sem víðast að nýjum fjarskiptakostum, s.s. ljósleiðaratengingum. Vinna að bættum samgöngum innan sveitarfélagsins, þ.e. auka bundið slitlag. Lækka verð á húshitunarkostnaði (jafna).
26. Atvinnumál og vegamál.
27. Efla íþróttir og æskulýðsmál. Koma á friði í Reykholtsdal. Bæta sorphirðu. Berjast fyrir bættum vegasamgöngum og fjarskiptum. Kynna sveitarfélagið útá við. Stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi.
28. Vantar gæðamat í skólastarfi grunnskólans. Auka íþróttu- og æskulýðssstarf.
29. Að koma vegakerfi sveitarfélagsins í viðunandi ástand. Koma þriggja fasa rafmagni á alla bæi og ljósleiðara verði komið í allt sveitarfélagið en ekki bara hluta þess. Sjá um að allir íbúar hafi næga vinnu við sitt hæfi.
30. Að bæta samgöngur á svæðinu. Að bæta fjarskiptasamband við umheiminn.
31. Koma vegi í brúklegt horf svo börn og fullorðnir geti stundað vinnu sína án stórfelldrar hættu og tjóns á lífi og limum. Sveitarstjórn á ekki að sætta sig við yfiringang þingmanna. Nauðsynlegt er að stemma stigu við lausagöngu stórgripa.
32. Ekki er vafí að bættar samgöngur og fjarskiptakerfi er undirstaðan. Má til nefna bundið slitlag á vegi, bættan veg á Kaldadal og Uxahryggi. Endurvarpsstöð á Strútinn hjá Kalmanstungu og ljósleiðara alla leið að Húsafelli. Til þess að þetta náist þarf að ná tökum á framkvæmdaðilanum á Alþingi. Siðan að koma til framkvæmda áðurnefndum atriðum. Virkjanir, iðjuver, skólastetur í Reykholti og námuvinnsla úr Prestahnjúki. Einnig er gott framtak að styðja við hugmyndir um fjárfestingafélag sem tæki þátt í að kaupa hluti í fyrirtækjum sem lofa góðu. Seinast vil ég nefna aukið og gott skipulag varðandi ferðaþjónustuna. Koma þarf á sameiginlegum bókunum og markaðssetja með einhverju móti greinina á svæðinu.
33. Vinna að atvinnuuppbýggingu t.d. möguleikar varðandi stofnun heppilegra fyrirtækja. Stuðla að heimilisíðnaði sé jarðvegur fyrir slíkt. Kanna þá möguleika sem geta falist í sérstöðu sveitarfélagsins miðað við önnur svæði. T.d. heitt vatn, óvenjuleg náttúrufegurð, fallegar reiðleiðir og náttúruperlur.
34. Knýja fram vegabætur. Ef með þarf væri óvitlaust að kaupa Stóra Kropp svo vegur (Borgarfjarðarbraut) mætti vera á heppilegasta stað. Nota íbúðarhúsið fyrir ráðhús nema gamla hluta hússins sem mætti gjarnan vera minjagripasafn um Kristleif Þorsteinsson sem þar bjó og gerði garðinn frægan. Brýnt að laga vegin í Hálsasveit og Lundarreykjadal. Stuðla að jöfnun húshitunarkostnaðar sem er MJÖG ójafn. Taka upp flokkun sorps, koma rúlluplasti og pappír og öðru endurnýjanlegu efni til endurnýtingar ef nokkur kostur er. Óþolandí að urða allt í belg og biðu. Stuðla með einhverjum tiltækum ráðum að fegrún umhverfis við byggð, ekki síst þéttbýlisstaðanna, þannig að ekki séu þessi ljótu óræktar njólasvæði inn á milli sem lýta hverfin mjög. Gjarnan mætti fara í smiðju Flúðamanna til að læra hvernig best verður staðið að slíku. Verst er hér um sveitir

- að bændur eru svo aðkreptir fjárhagslega að þeir hafa ekki efni á að mála hjá sér hús og halda þeim almennilega við.
35. Að bæta samgöngur og fjarskipti. Draga úr hrepparíg og efla samstöðu íbúa.
 36. Að efla atvinnulífið.
 37. Þrýsta á betri vegasamgöngur. Fjölga atvinnutækifærum. Veita grunnskólanum meira aðhald.
 38. Höggva á hnút í deilumálum, tryggja betri samgöngur (vegur og áætlunarferðir). Vekja þarf trú á framtíðina. Ná góðu samstarfi ferðaþjónustuaðila.
 39. Taka til í fjármálum -er yfirbyggingin ekki að verða of mikil? Hrista hressilega upp í yfirstjórm Kleppjárnsreykjaskóla því þar vantar stjórn sem tekur á málum og hefur metnað fyrir hönd nemenda. Efla æskulýðsmál. Vinna að aukinni atvinnuuppbryggingu sem höfðar til sem flestra. Efla með einhverjum hætti möguleika fullorðins fólks til að afla sér þekkingar með fjarnámi eða á einhvern hátt.
 40. Efna kosningaloforðin. Sjá til þess að hægt verði að leggja veg með bundnu slitlagi eftir sveitarféluginu.
 41. Sveitarstjórnin er þegar búin að klúðra því verkefni sem hún var kjörin til, þ.e. að koma á framtíðar stofnvegi frá Hvanneyri að Kleppjárnsreykjum. Samgöngur eru númer eitt, bæði vegir og sími. Laða að fyrirtæki t.d. á sviði hugbúnaðar. Stuðla að fegrún umhverfis. Bæta aðkomu að þéttbýliskjörnum. Bæta umhverfi hvera og annarra ferðamannastaða. Auglýsa kosti þessa jaðarsvæðis á áberandi hátt. Athuga hvort hugsanlegt væri að fá litla ríkisstofnun flutta í Reykholt. Ca. 10-40 störf gætu komið boltanum af stað.
 42. Vinna á ósamstæði íbúanna. Halda opna fundi með íbúum og reyna þannig að auka á samheldni. Í framhaldi af þessari könnun að halda fundi um þau atvinnumál og þjónustumál sem menn leggja áherslu á og fá opna umræðu og vinnu í þeim málaflokkum.
 43. Kippa samgöngumálum í lag. Vera þeim aðilum innan handar sem vilja byggja upp atvinnurekstur á svæðinu og gera sveitarfélagið aðlaðandi fyrir þá sem vilja koma og byggja upp atvinnufyrirtæki á svæðinu.
 44. Að hafa leikskólana opna yfir sumartímann og miða þá ekki við þarfir grunnskólans.
 45. Lægja deilur strax. Vinna að framboði endurmenntunar á svæðinu sem hentar því fólk sem hér býr. Vinna að aðflutningi nýrra fyrirtækja. T.d. vantar bókhaldspjónustu.
 46. Lagning vatnsveitu um sveitarfélagið (góðar lindir með nægu væntanlegu góðu vatni og meira en í 200 m.y.s. eru í Steindórsstaðalandi. Koma á skipulagi í búfjárbeit þannig að búfjáreigendur passi sitt búfé og sé ábyrgt ef það veldur skemmdum á eignum annarra. Hætt verði að sleppa vatni úr sundlaugum í ár, án þess að það síst í jarðveginum fyrst.
 47. Að setja niður deilur í sveitarféluginu, þ.e.a.s. ef einhver hefur áhuga á því.
 48. Efling unglingsastarfs. Bæta samgöngur. Auka atvinnutækifæri.
 49. Samgöngur: Þrýsta á að lokið verði lagningu Borgarfjarðarbrautar og klæðningu vega í Húsafell. Varanlegt slitlag (bundið) á veg öðru hvorum megin í Lundarreykjadal a.m.k. fram að Húsafelli. Þetta er að mínu mati undirstaða þess að sameining verði raunveruleg.
 50. Mjög brýnt er að koma í lag kaldavatnsmálum við skólann á Kleppjárnsreykjum.
 51. Leysa vegadeilur á farsælan hátt, ekki eins og nú er gert. Beita sér fyrir uppbryggingu iðnaðar í sveitarféluginu og að annað hvort borgi allir jarðagjöld eða

- enginn. Gera sambærilega hluti fyrir aðrar atvinnugreinar og hygla ekki bara sauðfjárrækt.
52. Leysa í eitt skipti fyrir öll vegadeilur. Endurskoða yfirstjórn grunnskólans. Jafna aðstöðumun íbúa svo sem í samgöngum og fjarskiptum síma, sjónvarps og útvarpsskilyrðum. Vantar ferskari blæ á nýja sveitarstjórn í nýju sveitarfélagi! Almennt þarf að rífa upp atvinnulífið á svæðinu og markaðssetja sveitarfélagið sem vänlegt svæði til búsetu.
53. AÐ VERA VIRK. Taka á málum strax í stað þess að láta þau líða hjá, eins og venjan var í gömlu hreppunum. Meta og nýta nýjar hugmyndir og ný tækifæri, sbr. Meðferðarheimilið á Hvítárbakka. Ljúka vegadeilunni á forsendum efnis og raka. Standa við nýjabrumið í Reykholti. Fá veg um Hestháls og Geldingadraga niður Svínadal í Gatið. Vegtenging við Árnessýslu um Uxahryggi. Hafa hóf á samstarfi við einn voldugan nágranna, s.s. Borgarbyggð, ef ekkert kemur á móti. Vara sig á Imperialisma þorparanna (Akranes, Borgarnes). Standa í ístöðin! Gleyma ekki að sameining við nærliggjandi þéttbýli er ekki á dagskrá. Treysta hreppinn eins og hann er, gera Hvítsíðingum og Skorrdælum fýsilegt að sameinast honum.

7.1 Samantekt á brýnustu verkefnum sveitarstjórnar


Koma samgöngumálum í lag	Vantar gæðamat í grunnskólastarfíð
Betra ástand fjarskiptamála	Bæta sorphirðu
Styrkja landbúnað sem fyrir er	Styðja við framhaldsmennntún unga fólksins
Að ýta undir aukna samvinnu/samheldni íbúa	Lokka að nýja íbúa
Halda opna fundi meðal íbúa	Styðja við framboð endurmennntunar
Vera hvetjandi	Veita þingmönnum meira aðhald
Kynna/markaðssetja sveitarfélagið	Lægja deilur meðal íbúa

8.0 Nokkur búsetuatriði

Í lok könnunarinnar voru þátttakendur beðnir að gefa 18 atriðum sem snúa að búsetumálum, einkunn á skalanum 1-10. Fyrst og fremst er spurt um þessi atriði til að meta nokkra veigamikla þætti sem áhrif hafa á afstöðu fólks til búsetu í sveitarféluginu.

Niðurstaðan var sú að mest ánægja er meðal fólks með veðurfar og ástand dagvistunarmála. Dagvistunarmál fá almennt góða dóma í umsögnum í könnuninni, en þó er helst óánægja meðal nokkurra um lokun leikskólanna á Grímsstöðum og Hvanneyri yfir sumarmánuðin. Umhverfisaðstæður, menning og afsþreying, sorpmál og ástand grunnskólamaðala fá einnig góða einkunn, eða yfir 6,0.

Ástand vegasamgangna fær áberandi slökstu einkunn fólks í könnuninni. Í opnum spurningum kom einnig fram að mestrar óánægju gætir í garð vegamála meðal íbúanna. Vegna víðfeðmis sveitarfélagsins má fastlega gera ráð fyrir að ástand vegamála hafi áhrif á atvinnusókn almennt. Verslun og þjónusta, æskulýðsmál og atvinnumál fá einnig lágar einkunnir þátttakenda í könnuninni. Mikillar óánægju gætti hjá íbúum neðanvert í sveitarféluginu með að verslun vantar á þeim slóðum. Flestir nefndu Hvanneyri sem álitlegan stað en nokkrir Götuás sem æskilega staðsetningu verslunar. Enn og aftur kemur hlutur vegasamgangna inn í þessa umræðu, því eftir að umtölus Borgarfjarðarbraut verður lögð bundnu slitlagi ættu aðstæður til verslunarreksturs að breytast til batnaðar í sveitarféluginu.



Í opinni spurningu í lokin var þátttakendum gefinn kostur á að koma að ábendingum beint til atvinnuþróunarnefndar og sveitarstjórnar.

8.1 Önnur atriði sem fólk vildi koma á framfæri við sveitarstjórn eða/og atvinnuþróunarnefnd

1. Vinna að stækkun sveitarfélagsins og stuðla að samkennd íbúa jafnframt.
2. Upplagt er að efla Húsafell sem miðstöð vetraríþróttá í sveitarfélginu. Stuðla þarf að betri menntunarmöguleikum unglings heima fyrir með því að auka samstarf Bændaskólans á Hvannayri við Fjölbautaskóla Vesturlands.
3. Ráða sóknarpresta sem sinna sínum umbjóðendum og búi á svæðinu.
4. Endurskoðun á skólastarfsemi grunn- og leikskóla.
5. Ákveða þarf hvar byggðakjarni (ar) eiga að vera og byggja þar markvisst upp þjónustu.
6. Að geðþóttaákvörðun einstaklinga ráði ekki um framtíðar ákvörðun vegamála á svæðinu
7. Að vegamál innan svæðisins verði bætt hið snarasta.
8. Að huga vandlega að stjórnun grunnskólamála á svæðinu.
9. Að efla skapandi atvinnu sem nýtir fyrirliggjandi orkulindir.
10. Hátækni – tækniiðnað.
11. Að stuðla að því að fólk sem vill flytja í héraðið með atvinnurekstur sinn sé gert það mögulegt.

12. Mörg sveitarfélög hafa fellt niður fasteignaskatt af íbúðarhúsnæði þar sem eigendurnir eru 67 ára. Skattur þessi er óréttlátur og sveitarfélag okkar ætti að sjá sóma sinn í að fella hann niður!
13. Fá betri þingmenn sem gera meira fyrir heimabyggð, t.d. í vegamálum!
14. Hafa hreinsunarátak, t.d. hvar varðar lélegar girðingar, gamlar vélar, gamlar byggingar (að ígrunduðu máli). Það væri hægt að kortleggja áhuga fólkს á ákveðnum greinum (atvinnu) þannig að það gæti komið saman og hugsanlega virkjað áhugann í atvinnuskapandi tækifæri (t.d. eins og áhugahópinn um Ullarselið).
15. Vegna smæðar sveitarfélagsins væri kannski betra að aðilar utan þess tækju að sér dýra- og barnaverndarmál.
16. Gangi ykkur vel að framkvæma góðverkin!
17. Láta heimamenn (fyrirtæki) ganga fyrir þeirri atvinnu sem framkvæmd er á vegum sveitarfélagsins og ekki er boðin út. T.d. eins og lagfæring á húsnæði fyrir sveitarstjóra. Æskilegt er að fá íþróttahús á Hvanneyri.
18. Það er hrein lítilsvirðing við íbúa sveitarfélagsins að sveitarstjórnarmenn skuli ekki allir vera búsettir á svæðinu.
19. Gott væri að fá upplýsingar frá sveitarfélagini oftar og með stærra letri svo ekki þurfi að nota stækkunargler til aflestrar og einnig þarf ítarlegri upplýsingar.
20. Ég nota þessar línum til að benda á mikið mál en það er þjóðgarður í uppsveitum héraðsins. Þá er Kaldadalsvegur lagður vestur fyrir Ok og þar með fengin bein lína frá Selfossi á Strandir með því að halda áfram með veginn yfir Tvíðægur sem er í örfárra kílómetra fjarlægð frá hringveginum á Holtavörðuheiði. Jafnframt þarf að koma í veg fyrir akstur vélknúinna farartækja inná svæðið sem væri markað á miðjan Langjökul og niður Arnarvatnsheiði. Húsafellsland, Kalmanstunguland og hluti af Fljótstungu og Hraunsásland yrði innan þjóðgarðsins. Öll olíuvélknúin farartæki yrði að skilja eftir fyrir utan Ásgil fyrir þá sem færur inn í þjóðgarðinn. Vatnið í öllum lindunum yrði þá algjörlega ómengað og væri því hægt að selja það undir ákveðnu merki á alþjóða vatnsmarkaði. Fyrir ferðamenn yrði þetta svæði einstakt. Sumarbústaðafólk og gestir þeirra yrði flutt á rafknúnum farartækjum, hljóðlausum, í bústaði sína. Sauðfé og hross gæti verið áfram á svæðinu svo og fólkid á bænum.
21. Vantar þjónustuibúðir fyrir aldraða. Þá búum við betur að öldruðum félagslega, andlega og líkamlega, auk þess sem atvinna skapast við umönnun og þjónustu.
22. Sveitarstjórnin þarf að bæta fyrir þau mistök að láta þingmenn beygja sig til hlíðni í trássi við umbjóðendur sína. Kjarkleysið skilar ekki árangri.
23. Setja fundargerðir sveitarstjórnar í fullri lengd á netið eða/og senda inn á heimili.
24. Fundargerðir komi oftar. Þær verði ýtarlegri því í dag segja þær ósköp lítið. Haldið opinn hreppsfund STRAX.
25. Góð könnun, en ætlið þið (sveitarstjórn) að gera eitthvað í niðurstöðum hennar?
26. Úr sorpi flokka mætti flest/förgun þannig yrði best./Það lausn á vanda tæpast tel/ að troða því í Mýramel.
27. Góðar fréttir komu fram í desember í bréfi sveitarstjórnar. Vonir eru til að fram komi nýr "píslarvottur og hugmyndafræðingur" fyrir sveitina. Maður er nafngreindur sem dregur að borga gjöldin sín! Gott verður að vita hvað hann leggur til varðandi stjórn sveitarfélagsins.
28. Samgöngumál eru í ólestri.
29. Allir sveitarstjórnarmenn ættu að búa í sveitarfélagini.

9.0 SVÓT greining

Í SVÓT greiningu eru dregnir saman styrkleikar og veikleikar í innra umhverfi sveitarfélagsins og ógnanir og tækifæri í ytra umhverfi þess. Markmiðið með SVÓT greiningu er að ákveða hvernig best er að staðsetja sveitarfélög í umhverfi þeirra þannig að þau geti nýtt styrkleika sína og tækifæri til þess að draga úr veikleikum og ógnunum sem að þeim steðja. Með þannig greiningu aukast möguleikar sveitarfélagsins til að ná samkeppnislegum yfirburðum á markaði sveitarfélaga, markaði þar sem samkeppnisharka eykst stöðugt.

SVÓT greining þessi byggist að mestu leyti á svörum íbúa sameinaðs sveitarfélags í Borgarfirði í könnuninni, auk annarra þátta sem að framan eru greindir.

Styrkleikar:	Veikleikar:
Ástand dagvistunarmála	Vegasamgöngur
Umhverfismál	Atvinnumál (einhæfti atvinnulíf)
Veðurfar	Fækkun íbúa undanfarin ár
Uppeldisskilyrði	Skörð komin í aldurstré sveitarfélagsins
Ástand grunnskólamála	Lágar meðaltekkjur íbúa
Menningar- og félagsstarf	Misræmi í húshitunarkostnaði
"Hófleg" fjarlægð frá Reykjavík	Fjarskipti, símaþjónusta
Friðsæld sveitalifsins	Verslun og þjónustu vantar á hluta svæðis
Víða ódýr húshitun	Veik staða landbúnaðar
Snjórétt	Enginn framhaldsskóli
Margar þekktar náttúruperlur í héraðinu	Ósamkomulag meðal íbúa
Öflug menntastofnun á æðri skólastigum	
Ógnanir:	Tækifæri:
Hærri laun annars staðar	Uppbygging stofnvega er framundan
Slæmar samgöngur	Stutt á markaði á höfuðborgarsvæðinu
Póstdreising sjaldnar en í þéttbýli	Önýtt tækifæri í ferðaþjónustu
Ungt fólk undir landsmeðaltali	Þekkt saga og mikill bókmenntaarfur
Dulið atvinnuleysi	Efla iðnað, verslun og þjónustu
Skólamál á Hvanneyri í höndum ríkis	Þekking í ylrækt
Ástand síma og fjarskiptamála	Þekking í landbúnaði
Enginn framhaldsskóli	Ymis atvinnustarfsemi möguleg
	Nýting perlusteins
	Heilsu/orkustöð m. nýtingu jarðhita
	Samstaða er um atvinnuuppbyggingu á fjórum megin þéttbýliskjörnum.

10.0 Tillögur og aðgerðaáætlun

Hér á eftir fara tæplega þrjátíu tillögur skýrsluhöfunda um aðgerðir sveitarfélagsins í atvinnu- og búsetumálum. Þessar tillögur byggjast á niðurstöðum könnunar á þáttum sem snerta atvinnumál í sveitarféluginu og viðurkenndum kennungum sem lúta að aðstoð opinberra aðila í byggða- og atvinnumálum. Til hliðsjónar er m.a. stuðst við rit Byggðastofnunar; Búseta á Íslandi eftir Stefán Ólafsson prófessor auk fleiri gagna.

Í töflunni eru lagðar til ákveðnar aðgerðir sveitarfélagsins í atvinnu- og búsetumálum. Merkt er við þá þætti sem talið er að ætti að grípa til fljótt og aðra sem aðgerðir miðast við lengri tíma. Framkvæmdaaðilar og samstarfsaðilar eru einnig nefndir auk þess hvenær lagt er til að viðkomandi verkþáttur hefjist. (F þýðir aðgerðir fljótt og L þýðir aðgerðir til lengri tíma).

PÁTTUR	F	L	Framkvæmda-aðilar	Hefst
1. Mikilvægt er að sveitarstjórn leiti allra leiða til að bæta vegasamgöngur í sveitarféluginu. Fram kemur í könnun að beint og óbeint sé ástand vegamála hamlandi bæði á atvinnusókn og hag fólks almennt í sveitarféluginu.	X	X	Sveitarstjórn Alþingi Vegagerð ríkisins	Viðvar- andi verkefni
2. Mikil vöntun er á hlutastörfum í sveitarféluginu. Einkum á þetta við um störf fyrir konur og sumarvinnu fyrir skólafolk.	X	X	Sveitarstjórn Atvinnuþróunarnefnd Atvinnuráðgjöf VI.	vor/99
3. Efla þarf með öllum tiltækum ráðum frumkvæði heimamanna til atvinnusköpunar og sjálfsþjálpar.	X	X	Sveitarstjórn Endurmenntunar- stofnanir Atvinnuráðgjöf VI.	1999
4. Reynslan hér á Íslandi og erlendis sýnir að lykillinn að bætri samfélagsstöðu er aukin menntun íbúa. Erlendis þar sem aðlaga hefur þurft byggðir að breyttum aðstæðum hefur EINA árangursríka aðferðin verið aukin menntun. Því á að kanna leiðir til að stórauka framboð á símenntun, fullorðinsfræðslu og endurmenntun í sveitarféluginu í samráði við Símenntunarmiðstöð Vesturlands.	X	X	Sveitarstjórn Símenntunarmiðstöð Vesturlands	1999
5. Vegna þess skarðs sem komið er í aldurstré sveitarfélagsins má reikna með áframhaldandi fækku íbúa á komandi árum og þurfa ráðamenn að vera meðvitaðir um það. Reikna má með fækku dreifbýlisfólks og einhverja fjölgun í þéttbýliskjörnum verði skilyrði vaxtar í þeim jákvæð. Þess vegna ætti sveitarstjórn að beina aðgerðum sínum að væntanlegum vexti þéttbýlisstaðanna fremur en leggja áherslu á sveitirnar. Í þessu samhengi er bent sérstaklega á Reykholt, Hvanneyri, Kleppjárnsreyki og Bæjarhverfið, enda nefna íbúar þessa staði sérstaklega þegar atvinnuupþbygging er nefnd.	X	X	Sveitarstjórn Atvinnuþróunarnefnd	1999
6. Leggja þarf áherslu á ræktun hvers kyns menningarlifs (leiklist, tónlist, íþróttir og æskulýðsstarf). Samræma ætti störf æskulýðs- og íþróttafélaga á svæðinu. Markaðssetja þarf menningarviðburði í auknum mæli því markviss starfsemi á því svíði styður við ferðaþjónustu og aðrar atvinnugreinar.	X		Sveitarstjórn Starfandi menningar-, íþróttu- og æskulýðsfelög. FRAMHALD	1999

7. Samkvæmt reynslu Norðmanna hefur þar í landi gefið góða raun þegar sveitarstjórnir rækta markvisst tengsl við unga fólk. Ef þetta er gert aukast líkur á að þetta unga fólk snúi aftur í heimabyggð að námi loknu að því getnu að það eigi hlýjar minningar frá uppvaxtarsvæði sínu. Leiðir til þessa geta verið bætt menningar-, íþróttas-, æskulýðs- og félagsstarf af ýmsu tagi.	X	Sveitarstjórn Menningar- og æskulýðsnefnd	1999
8. Sveitarfélagið þarf að leggja aukna áherslu á markaðsmál og ímyndarskópun. Lagt er til að samin verði kynningaráætlun um Borgarfjörð í samráði við Borgarbyggð, Skorradalshrepp og Hvítarsíðuhrepp. Undirbúnингur að þessu verkefni er á byrjunarstigi hjá Markaðsraði Borgfirðinga. Brýnt er að sveitarstjórn hafi áhrif að gerð þessarar kynningaráætlunar með hagsmuní sveitarfélagsins í huga.	X	Sveitarstjórn Markaðsrað Borgfirðinga Borgarbyggð Hvítársíðuhreppur Skorradalshreppur	1999
9. Varðandi kynningar- og markaðsstarf sveitarfélagsins er mikilvægt að draga fram styrkleika sveitarfélagsins (sjá SVÓT greiningu). Þetta á bæði við kynningu inn á við og ut á við um sveitarfélagið.	X X	Sveitarstjórn	1999
10. Sveitarstjórn styðji við uppbryggingu starfsemi Snorrastofu með öllum tiltækum ráðum, þar sem stofnunin hefur að megin markmiði að "markaðssetja" bókmennata- og söguarf héraðsins. Þessi dýrmæti arfur er tvimælalaust meðal helstu styrkleika héraðsins hvort sem litið er til ferðapjónustu, uppbryggingu fræðaseturs eða mannlifs almennt.	X X	Sveitarstjórn Stjórn Snorrastofu Menningarstofnanir	Er hafið
11. Vaxtarmöguleikar finnast í garðyrkjum- og ylrækt á svæðinu. Þekking er talsverð, orka er ódýr, landssvæði er nægt og þekktir eru möguleikar t.d. hvað varðar lífræna ræktun og almennt um ræktun nytjajurta.	X X	Sveitarstjórn Atvinnuþróunarnefnd Garðyrkjuskóli ríkisins Bændaskólinn á Hve. Atvinnuráðgjöf VI. Hagþjónustan Skógrækt ríkisins	1999
12. Kanna þarf möguleika á að bæta aðgengi og þjónustu á fjölförnum ferðamannastöðum. Í því sambandi má sérstaklega benda á Deildartunguhver, Hraunfossa og Surtshelli.	X X	Atvinnuþróunarnefnd Ferðapjónustuaðilar Ferðamálasamtök Atvinnuráðgjöf VI.	Vor/99
13. Sem hluti af ímyndarskópun sveitarfélagsins er lagt til að mörkuð verði umhverfisstefna. Slikt væri ferðapjónustu-fyrirtækjum mjög til framdráttar til lengri tíma litið og líkur eru einnig á því að umgengni bathni í kjölfarið þar sem þess er þörf í sveitarfélaginu.	X	Sveitarstjórn Umhverfisnefnd	Er hafið
14. Stuðlað verði að auknu samstarfi ferðapjónustuaðila í héraðinu. Úsir að því myndaðist á s.l. ári og er ástæða til að efla það enn frekar	X	Sveitarstjórn Hagsmunaðilar í ferðapjónustu	Hófst 1998
15. Leggja þarf áherslu á að bætt verði ástand fjarskipta og sínamála á svæðinu. Miklir möguleikar felast í aukinni notkun Veraldarvefsins, m.a. með fjarvinnslu ýmis konar. Einnig er ráðlegt að meta móttökuskilyrði farsíma m.a. í sumarhúsahverfum og þrýsta á úrbætur í þeim efnum.	X X	Sveitarstjórn Landssíminn Tal Skólastofnanir	Er hafið
16. Kanna þarf möguleika og leiðir til að efla verslun í sveitarfélaginu. Einkum virðist skorta á verslun í neðri hluta sveitarfélagsins.	X	Sveitarstjórn í samráði við einkaaðila eða/og verslunarfyrtæki	1999 FRH.

17. Þörf virðist vera fyrir aukna bankaþjónustu og þá einkum í neðanverðu sveitarfélagit (Hvanneyri). Með bættu netsambandi leysist hluti þessarar þarfar en hraðbanki/bankaafgreiðsla er þó aðskilegur kostur í atvinnulegu tilliti	X	Sveitarstjórn Bankastofnanir	1999
18. Lagt er til að endurvakin verði umræðu um byggingu heilsumiðstöðvar í sveitarfélagit. Frumvinna að því verkefni hesur verið unnin. Hér er um stórt og viðamikið þróunarverkefni að ræða þar sem möguleikar geta verið miklir. M.a. var rætt um í því sambandi megrunarmiðstöð að Freeport fyrirmund.	X	Sveitarstjórn Atvinnupróunarnefnd Atvinnuráðgjöf VI.	1999
19. Leggja þarf áherslu á fullnýtingu iðnaðarhúsnæðis í eigu sveitarfélagsins og einkaaðila.	X	Sveitarstjórn Atvinnupróunarnefnd Einkaaðilar/fyrirtæki Stoðstofnanir atvinnulifssins	1999
20. Ýmsir telja að skoða megi á ný nýtingu perlusteins úr Prestahnjúki á Kaldadal. Síkt mætti fullkanna, t.d. hvað varðar umhverfisvernd, arðsemi, flutningaleiðir, úrvinnslumöguleika o.s.fv.	X	Sveitarstjórn Atvinnupróunarnefnd Landeigendur	1999- 2000
21. Fram kom að mikill vilji er fyrir póstdreifingu alla virka daga. Kanna þarf möguleika á síku.	X	Sveitarstjórn Islandspóstur Hugsanl. einkaaðilar	1999
22. Leita má samstarfs við Fjölbautaskóla Vesturlands um kennslu í grunnnámi framhaldsskóla á svæðinu (Kleppjárnarsreykir/Hvanneyri) og nyta til þess skólahúsnæði sem fyrir er. E.t.v. mætti nyta fjarkennslubúnað. Með þessu væri dvalartími ungmannna lengdur heima fyrir. Þetta atriði getur þó orkað tvímælis, svo sem vegna þess að þetta unga fólk myndar þá síður félagsleg tengsl út fyrir héraðið. Hins vegar styrkjast rætur unga fólksins við heimabyggð með þessu og meiri líkur eru á að allir sækji framhaldsnám.	X	Sveitarstjórn Fjölbautaskóli VI. Bændaskólinn Grunnskólar í héraði	1999
23. Auka má upplýsingamiðlun frá stórfum sveitarstjórnar og nefnda. Meðal annars mætti halda almenna hreppsundi 2-3 á ári. Síkt er ekki síst mikilvægt til að lægja óánægjuraddir sem á tíðum eru vegna skorts á upplýsingum. Skref í rétta átt er þó miðlun upplýsinga á heimasíðu sveitarfélagsins.	X X	Sveitarstjórn	1999
24. Sökum þess hvernig uppbygging aldurstrésins er í sveitarfélagit mætti kanna grundvöll fyrir uppbyggingu og rekstri elliheimilis. Lagt er til að byggðar verði litlar þjónustubúdir sem bæði væri hægt að leigja eða kaupa. Þar geta þeir eldri borgarar búið sem ekki þurfa mikla umönnun. Í tengslum við þjónustukjarna sem þennan yrði aðstaða fyrir lækni, hjúkrunarkonu, sjúkranuddara o.s.fv. Slik stofnun/heimili er atvinnusköpun og liður í því að fólk geti búið á heimaslöðum lengur en ella.	X	Sveitarstjórn Heilbrigðisyfirvöld Skorradalshreppur Hvítársíðuhreppur	1999

25. Talið er líklegt að eftirlspurn eftir landspildum aukist á næstu árum. Á þeim jörðum sem landbúnaður hefur dregist saman eða honum hætt, er ástæða til að kanna arðsemi þess að hluta ákveðnar jarðir/jörð í spildur, eða svokallaðar hertogalóðir, og leigja til langs tima þeim sem þess óska fyrir skógrækt, tómstundabúskap og fleira.	X	Sveitarstjórn Búnaðarsamtök Skógrækt rikisins	1999
26. Fyrirsjáanleg er aukning í kornrækt á Íslandi. Baður og landeigendur í sveitarfélagini þarf að hvetja til nýta sér meira möguleika sem í henni felast.	X	Atvinnuþróunarnefnd Félag kornbænda á VÍ Hagbjónusta landbún.	1999
27. Vegna gagnryni á stórf grunnskóla (einnig ánægja), er ástæða til að fram fari gæðamat á starfsemi grunnskólanna í sveitarfélagini.	X	Sveitarstjórn Skólanefnd	1999

Rétt er að taka fram að atriðum í aðgerðatöflu hefur ekki verið forgangsraðað og nefndir framkvæmdaliðir eru tillögur skýrsluhöfunda. Mikilvægt er að sveitarstjórn og atvinnuþróunarnefnd forgangsraði verkefnum og tímasetji þau. Mælt er með að sveitarstjórn geri ákveðna tímaáætlun, t.d. til tveggja ára, og færí upplýsingar inn á gátlista, likan þeim sem er í fylgiskjali. Þannig verði gátlistinn hjálpartæki ráðamanna sveitarfélagsins til að fylgja verkefnum eftir.

11.0 Lokaorð

Í skýrslu þessari hefur verið reynt að varpa ljósi á ástand atvinnu- og búsetumála í sameinuðu sveitarfélagi í Borgarfirði. Fyrir íbúa sveitarfélagsins var lögð viðamikil könnun og á niðurstöðum hennar var síðan gerð svokölluð SVÓT greining þar sem styrkleikar og veikleikar í innri málum voru metnir auk þess sem ógnanir og tækifæri í ytra umhverfi sveitarfélagsins komu fram.

Til hliðsjónar við úrvinnslu og aðgerðaáætlun var stuðst við nýlegar kenningar um búsetumál sem fram komu í skýrslu Byggðastofnunar; Búseta á Íslandi, og unnin var af Stefáni Ólafssyni prófessor. Samkvæmt skilgreiningum hans eru nokkrir meginþættir sem ákvarða byggðarlega stöðu sveitarfélaga í dreifbýli Íslands. Veigamestu þættirnir eru einhæft atvinnulíf, aðgengi að menntun auk annarra þátta á borð við húshitunarkostnað, verðlag og aðgengi að verslunum, samgöngumál og fleira.

Sameinað sveitarfélag í Borgarfirði á um margt býsna mikla möguleika í atvinnulegu tilliti. Fyrst og fremst hefur héraðið yfir að ráða miklum mannuði sem virkja má til ýmissa verka. Landbúnaður stendur á gömlum grunni í héraðinu enda veðursæld mikil og frjósemi jarðvegs með ágætum. Öflug skólastofnun er á Hvanneyri sem vafið hefur utan á sig tengdum stofnunum landbúnaðargeirans undanfarin ár. Af þessari starfsemi hafa margir atvinnu, enda ber þess merki í fjölda þjónustustarfa í sveitarfélaginu.

Ef niðurstöður úr atvinnulífskönnun þeirri sem hér hefur verið til umfjöllunar eru bornar saman við kenningu Stefáns Ólafssonar má segja að byggðarlega standi sameinað sveitarfélag í Borgarfirði fremur veikum fótum. Rökstyðja skýrsluhöfundar það einkum með því að fækku íbúa undanfarinna tíu ára hefur verið um 10% og því getur sveitarfélagið fallið undir skilgreiningu jaðarbyggðar á Íslandi. Vegasamgöngur standa einnig veikt í héraðinu og telja íbúa sveitarfélagsins það stærsta ókost við búsetu á svæðinu. Slæmir vegir virðast draga úr atvinnusókn enda er talsvert dulið atvinnuleysi í sveitarfélaginu. Einnig má nefna að almennan framhaldsskóla vantar í sveitarfélagið, verslun stendur veikt og atvinnulíf er einhæft því nær allt vinnandi fólk stundar annað hvort landbúnað eða þjónustu.

Hins vegar á sameinað sveitarfélag í Borgarfirði sínar sterku hliðar bæði hvað varðar innri styrkleika og ytri tækifæri. Þar má nefna almennt aðgengi að heitu vatni til

húshitunar, ástand dagvistunar- og grunnskólamála er gott auk þess sem tækifæri eru fjölmög í aukinni þjónustu og atvinnustarfsemi sem tengja má þeim mannauði og auðlindum sem finna má í veðursælu héraði um mitt Vesturland. Til gamans má geta þess að enginn íbúi nefndi í könnuninni sem kost þann mikla fjölda sundlauga sem er í sveitarféluginu, bæði í einkaeign, félagasamtaka og opinberra aðila. Íbúarnir eru að þessu leyti góðu vanir og fáir hugsa út í þá miklu auðlind sem felst í að geta brugðið sér í sund án þess að þurfa langt að fara. Þetta atriði er sjálfsagt að benda á í markaðsfærslu sveitarfélagsins.

Möguleikar í ferðajónustu eru talsvert góðir í héraðinu og ber í því sambandi að tengja aukna þjónustu sögu- og bókmennataarfi héraðsins. Almennur uppgangur er í starfsemi Bændaskólans á Hvanneyri og virðist vöxtur í tengdum greinum á staðnum valda fjölgun íbúa á Hvanneyri. Jákvaðir hlutir í atvinnuupþbyggingu sveitarfélagsins hafa víðar átt sér stað. Þar má nefna nýja og þróttmikla starfsemi á Hvítárbakka, stofnun vefsniðjunnar Andakill.is, grafiskur hönnuður og landfræðingur starfa á svæðinu, hótelhald í Reykholti og stofnun útgáfufyrirtækis. Fyrirsjáanleg er einnig aukning í starfsemi tengdri fræðastörfum og þjónustu í Reykholti.


Í skýrslunni er m.a. lagt til að sveitarstjórn beini sjónum sínum að starfsemi á þéttbýlisstöðum sveitarfélagsins til að freysta þess að styrkja atvinnulíf. Í því sambandi eru (í röð eftir því hve oft þeir komu fyrir í könnun) nefndir til sögunnar þéttbýlisstaðirnir Reykholt, Hvanneyri, Kleppjárnsreykir og Bæjarhverfið.


Hagsmunir þéttbýlis og dreifbýlis fara saman og hvorugt getur án annars verið. Það er mat skýrsluhöfunda að hagsmunir sameinaðs sveitarfélags í Borgarfirði fari að mörgu leyti saman við hagsmuni Borgarbyggðar og leita ætti eftir samstarfi við það sveitarfélag á ýmsum sviðum og vísast í því sambandi í skýrsluna Byggð við Borg sem út kom á s.l. ári.

Að lokum skal á það minnt að í skýrslu þessari hefur fyrst og fremst verið stuðst við upplýsingar frá íbúum sveitarfélagsins. Í niðurstöðum er unnið samkvæmt ábendingum þeirra og rannsóknir annarra aðila nýttar til að leggja fram tillögur til úrbóta. Vísast geta menn deilt um leiðir en skýrsluhöfundar telja sig hafa fært fullnægjandi rök fyrir þeim ábendingum/aðgerðaáætlun sem fram koma undir lok skyrslunnar. Í nokkrum atriðanna sem nefnd eru hefur sveitarstjórn þegar hafið aðgerðir eða er í þann mund að hefja þær.

Styðja verður með öllum ráðum við frumkvæði einstaklinga sem í sveitarféluginu búa og lokka ný fyrirtæki og einstaklinga til búsetu í Borgarfirði. Helsta markmið sveitarfélagsins á að vera að snúa neikvæðri íbúaþróun undanfarinna ára við og byggja innan frá upp mannvænt samfélag þar sem keðjan er jafn sterkt og veikasti hlekkurinn.

Borgarnesi 5. mars 1999.


Ólafur Steinsson


Magnús Magnússon

12.0 Heimildaskrá

Atvinnuráðgjöf Vesturlands. 1998-1999. Könnun á stöðu atvinnulífs í sveitarfélaginu Borgarfirði.

Byggðastofnun. 1998 og 1999. Ýmsar tölulegar upplýsingar úr Byggðabrunni.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar. 1998. Byggð við Borg. Skýrsla um framtíðarhorfur í atvinnu- og félagsmálum Borgarfjarðar í ljósi breyttra aðstæðna.

Guðrún Jónsdóttir. 1998. Svæðaskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017. Samvinnunefnd um svæðisskipulag norðan Skarðsheiðar og Skipulagsstofnun. Steindórsprent Gutenberg.

Hagstofa Íslands. 1998 og 1999. Mannfjöldatölur eftir sveitarfélögum.

Hitt, Michael A, R. Duane Ireland, Robert E. Hoskinsson. 1995. Strategic Management. St. Paul, West Publishing Company.

Stefán Ólafsson. 1997. Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga. Byggðastofnun, 3. útgáfa. Prentsmiðjan Oddi.

Svæðisvinnumiðlun Vesturlands. 1999. Munnlegar heimildir um atvinnuleysi í Borgarfirði í janúar 1999.

Tölfræði um Vesturland. 1998. Atvinnuráðgjöf Vesturlands.

Fylgiskjal.

Gátlisti aðgerða, skv. kafla 10

Nr.	Verkpáttur	Hefst	Framkvæmda-aðilar	Staða 1.7. 1999	Staða 1.1. 2000	Staða 1.7. 2000	Staða 1.1. 2001	Árangur
1	Vegamál							
2	Hlutastörf							
3	Frumkvæði							
4	Aukin menntun							
5	Vöxtur þéttbýlis							
6	Menningarlif							
7	Unga fólkioð							
8	Kynningaráætl.							
9	Styrkleikanýting							
10	Snorrastofa							
11	Garð- og ylrækt							
12	Ferðamannast.							
13	Umhverfisstefna							
14	Samst. í ferðaþj.							
15	Fjarskiptamál							
16	Efla verslun							
17	Bankaþjónusta							
18	Heilsumiðstöð							
19	Iðnaðarhúsnæði							
20	Perlustein							
21	Póstdreifing							
22	Framhaldsnám							
23	Upplýsingagjöf							
24	Dvalarheimili							
25	Hertogalóðir							
26	Kornrækt							
27	Gæðamat							